

**SKOÐUN** Hildur Sverrisdóttir vill meiri virðingu og umburðarlyndi. 16



**MENNING** MP5 er spennandi og nauðsynlegt innslag í samtímaleikhúsið. 26



**LÍFIÐ** Nítján ára áhugaljósmyndari með mynd í ítalska Vogue. 38



**SPORT** Dagur Sigurðsson er spenntur fyrir Íslandsförinni í janúar. 32







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
15. desember 2014
294. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Boða dagsektir**
Bæjarstjórinn í Garði segir sveitarfélagið í erfiðri stöðu gagnvart húsi sem íbúum stafar ógn af vegna fjúkandi þakplatna. Dagsektum verði ef til vill beitt. 2

**Rarik vill ekki norður** Forstjóri Rarik segir Sauðárkrók ekki ákjósanlegan stað fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins. 6

**Bakteríumengun** Sveitarstjórn Voga vill að gerð nýs vatnsbóls verði flýtt eftir að E.coli-bakteríur fundust. 8




| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -7° | N | 7 |
| Akureyri | -5° | NV | 12 |
| Egilsstaðir | -6° | NV | 16 |
| Kirkjubæjarkl. | -8° | NV | 12 |
| Reykjavík | -6° | N | 6 |

**Stormur** austanlands fram eftir degi en mun hægari vindur vestan til. Bjart með köflum sunnan- og vestanlands en él norðaustan til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk




# Eftirlíkingar gætu kostað borgina yfir 100 milljónir

Reykjavíkurborg gæti þurft að farga húsgögnum úr Ráðhúsinu. Ítalski húsgagnaframleiðandinn Cassina vill að frumhönnun verði keypt í þeirra stað. Kostnaður við endurnýjunina gæti kostað yfir hundrað milljónir króna.

**SVEITARSTJÓRNAMÁL** Ítalski húsgagnframleiðandinn Cassina hefur farið fram á við Reykjavíkurborg að eftirlíkingum af stólum og sófum eftir franska hönnuðinn Le Corbusier sem er að finna í Ráðhúsi Reykjavíkur verði fargað og frumhönnun verði keypt í staðinn.

Verði Reykjavíkurborg ekki við kröfunni mun Cassina fara fram á skaðabætur af hendi borgarinnar vegna þess skaða sem eftirlíkingarnar hafa valdið að sögn Alex Colding, svæðisstjóra Cassina á Norðurlöndunum.

„Við förum fram á að borgin kaupi frumhönnun til að sýna fram á að húsgögnin hafi verið keypt í góðri trú,“ segir Alex.

Húsgögnin voru keypt fyrir opnun ráðhússins árið 1992 og hafa verið í notkun alla tíð síðan.

Skúli Rósantsson, eigandi húsgagnaverslunarinnar Casa, söluaðila Cassina á Íslandi, segir að eftirlíkingarnar í ráðhúsinu séu sæti fyrir um 150 manns. Frumhönnun á sambærilegum stólum kostar um 850 þúsund krónur og frumhönnun á sófunum kostar um 1,8 milljónir króna. Kostnaður Reykjavíkurborgar við að kaupa frumhönnun gæti því farið yfir hundrað milljónir.

Skúli er ósáttur við að eftirlíkingar sé að finna í ráðhúsinu.

„Þegar menn eru með svona daprar og lélegar eftirlíkingar er þetta rosaleg eyðilegging fyrir merkið. Það þýðir ekkert að byggja flott ráðhús og vera með eitthvað gervi í því,“ segir Skúli.

Hann bætir við að eftirlíkingar af húsgögnum Le Corbusier sé einnig að finna í Ríkisútvarpinu og sjáist reglulega í sjónvarpsútsendingum. Næsta skref sé að fara fram með sambærilega kröfu við Ríkisútvarpið og Reykjavíkurborg er nú krafin um.

Alex telur alveg ljóst að húsgögnin í ráðhúsinu séu eftirlíkingar enda hafi hann sjálfur gengið úr skugga um það þegar hann heimsótti Ísland í apríl á þessu ári.

„Frumhönnun er merkt með raðnúmeri í burðargrind húsgagnanna sem var ekki að finna í stólunum og sófunum í ráðhúsinu,“ segir Alex.



Krafa Cassina var tekin fyrir í borgarráði á fimmtudag sem vísaði kröfunni áfram á borgarlögmann sem mun taka hana til skoðunar fyrir hönd Reykjavíkurborgar. **- ih**



**SÆKIR VATN TVISVAR Á DAG** Gunnar Tyrfingsson í Herdísarholti í Hvalfjarðarsveit hefur þurft að ferðast með eitt þúsund lítra tank á kerru til Akraness, tvisvar á dag, til að ná í vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sækir vatn tvisvar á dag:

## Vatnslaus í níu mánuði ársins

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Gunnar Tyrfingsson í Herdísarholti í Hvalfjarðarsveit er heitur af reiði í kuldanum þessa dagana. Hann hefur undanfarna níu mánuði þurft að ferðast með eitt þúsund lítra tank á kerru til Akraness til þess að ná í vatn, eina til tvær ferðir á dag.

Gunnar og kona hans, Unnur Ingólfsdóttir, reka sambýli fyrir fjóra fatlaða einstaklinga. Hann segir ástandið erfitt. Hann segir sveitarfélagið bera það fyrir sig að sé eitthvað gert fyrir einn bæ þurfi að gera það sama fyrir aðra líka.

„Maður er svolítið undrandi að þetta geti gerst á Íslandi þar sem eru náttúruauðlindir úti um allt,“ segir Gunnar.

**- ibs /** **sjá síðu 4**

Útvarpsstjóri stendur frammi fyrir mesta niðurskurði í sögu RÚV:

# Stórir þættir hjá RÚV lagðir af

**FJÁRMÁL** Að öllu óbreyttu er framundan mesti niðurskurður í sögu RÚV vegna fyrirhugaðrar lækkunar á útvarpsgjaldi.

Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri, segir að hjá stjórn RÚV og framkvæmdastjórn sé ekki hafin nein vinna við að teikna upp hvernig slíkur niðurskurður myndi eiga sér stað ef fram fer sem horfir með lækkun útvarpsgjalds. Niðurskurðurinn sem þurfi til að mæta lækkun á útvarpsgjaldi sé hins vegar af þeirri stærðargráðu að það þyrfti að velja í burt stóra þætti starfseminnar.

„Þetta væri veruleg breyting á starfsemi og þeirri þjónustu sem þjóðin hefur notið. Ef þetta gengur í gegn, þá þarf að velja í burt stóra þætti starfseminnar.

**- kbg /** **sjá síðu 2**



**„Þetta væri veruleg breyting á starfsemi og þeirri þjónustu sem þjóðin hefur notið.**

*Magnús Geir Þórðarson.*










## SPURNING DAGSINS



Eru einhverjir einmana vettlingar eftir?

**„Já, það eru eiginlega fleiri einmana vettlingar hjá okkur núna.“**

Segir Karen Bergljót Knútsdóttir sem stóð fyrir söfnun á týndum vettlingum. Söfnunin gekk vonum framar og söfnuðust meðal annars einmana sturtuhanski og barnalúffa. Karen geymir vettlingana svo til næstu söfnunar.

Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri RÚV, jafnar niðurskurði við það að skera niður alla dagskrárgerð:

# Þarf að velja burt stóra þætti í starfi RÚV

**STJÓRNMÁL** Að öllu óbreyttu er framundan mesti niðurskurður í sögu RÚV vegna fyrirhugaðrar lækkunar á útvarpsgjaldi. Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri segir að hjá stjórn RÚV og framkvæmdastjórn sé ekki hafin nein vinna við að teikna upp hvernig slíkur niðurskurður myndi eiga sér stað ef fram fer sem horfir með lækkun útvarpsgjalds. „Stjórn RÚV og framkvæmdastjórn hafa teiknað upp sviðsmyndir af rekstrinum til næstu fjögurra ára miðað við núverandi starfsemi sem grundvallast á lagalegum skyldum í útvarpslögum. Þar kemur fram að ef fyrirhuguð lækkun á útvarpsgjaldi gengur í gegn þarf að skerða þjónustu RÚV verulega í náinni framtíð og um leið yrði eðlisbreyting á hlutverki Ríkisútvarpsins.



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON

Ef útvarpsgjaldið helst óbreytt, þá er hægt að halda áfram starfsemi Ríkisútvarpsins á sama grunni og hingað til. Það er ekki búið að teikna upp nein niðurskurðaráform og er ekki í undirbúningi.“

Magnús segir niðurskurðinn sem þurfi til að mæta lækkun á útvarpsgjaldi af þeirri stærðargráðu að það þyrfti að velja í burt stóra þætti starfseminnar; blaðamaður spyr hvort megi jafna því við jafn stóra þætti og fréttastofu RÚV eða alla innlenda dagskrárgerð. „Þetta væri veruleg breyting á starfsemi og þeirri þjónustu sem þjóðin hefur notið. Ef þetta gengur í gegn, þá þarf að velja í burtu stóra þætti starfseminnar. Magnús Geir segist aðspurður ekki hafa íhugað uppsögn sjálfur þurfi hann að takast á hendur svo mikinn niðurskurð. „Við höfum verið algerlega samstiga, tíu manna stjórn félagsins og ný framkvæmdastjórn, að draga upp heildstæða mynd af stöðu mála og berjast fyrir því að staðinn sé vörður um RÚV.“ - kbg



**FEGURST FLJÓÐA** Rolene Strauss var fagnað af öðrum keppendum þegar úrslitin lágu fyrir í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúi Íslands ekki í hópi 25 efstu keppenda í London:

# Ungfrú heimur frá Suður-Afríku

**LONDON Hin 22 ára gamla Rolene Strauss, ungfrú Suður-Afríka, var í gær valin Ungfrú heimur. Keppnin var haldin í London en alls tók 121 kona frá jafnmörgum löndum þátt að þessu sinni.**

**Strauss er læknanemi á fjórða ári en hún tók sér frí frá náminu til að einbeita sér að lokakeppninni. Edina Kulcsar, ungfrú Ungverjaland, hafnaði í öðru sæti og það þriðja fór til Elizabeth Safrit, ungfrúar Bandaríkjanna. Tanja Ýr Ástþórsdóttir, fulltrúi Íslands í keppninni, var ekki í hópi 25 efstu keppenda.** - hg

Deilt um helgileikinn:

# Á bókasafnið í stað kirkju

**MENNTAMÁL** Heimsókn Langholtsskóla í Langholtskirkju þann 18. desember hefur orðið tilefni deilna vegna reglna Reykjavíkurborgar um trúboð á skólatíma.

Nemendur skólans munu eiga hátíðlega stund saman, syngja jólalög og horfa á helgileik. Í auglýsingu skólans á viðburðinum var sagt frá því að þeir nemendur sem færu ekki til kirkju fengju að gera eitthvað skemmtilegt. Nú er komið í ljós hver skemmtunin verður, þeir munu fara í kyndlagöngu og á bókasafnið. - kbg

Veltan nam 9,4 milljörðum:

# Hagnaður Lýsis nær þrefaldast

**VIÐSKIPTI** Lýsi hf. var rekið með 952 milljóna króna hagnaði í fyrra og afkoman batnaði þá um 621 milljón milli ára.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi fyrirtækisins námu eignir þess rúmum tíu milljörðum króna við árslok 2013. Lýsi skuldaði þá tæpa níu milljarða en rekstrartekjur námu 9,4 milljörðum króna. Lýsisbirgðir fyrirtækisins eru metnar á þrjá milljarða en félagið hefur veðsett birgðir vegna skammtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 3,2 milljarðar króna. - hg




# Boða nýjar dagsektir og bráðabirgðalausn

Bæjarstjórinn í Garði segir sveitarfélagið í erfiðri stöðu gagnvart húsi sem íbúum stafar ógn af vegna fjúkandi þakplatna. Viðræður við eigandann standi yfir og dagsektum verði ef til vill beitt. Dagsektum var einnig hótað árið 2012 án árangurs.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta er eiginlega sjálfheldumál,“ segir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Garði, um erfiða stöðu sveitarfélagsins gagnvart íbúðarhúsi sem er í niðurníðslu í plássinu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á föstudag stendur nágrönnum íbúðarhússins Víkur í Garði verulegur stuggur af bágu ástandi hússins. Þakið er að hruni komið og fiskineti hefur verið brugðið yfir húsið til þess að freista þess að hindra að lausar þakplötur fjúki og slasi fólk og skemmi eigur þess.

Húsið er í eigu sextugs karls og fimmtugrar konu sem áður voru í sambúð. Konan er flutt úr húsinu en maðurinn býr þar enn og mun hafast við í einu kjallaraherberginu þar sem skjólið er mest fyrir veðri og vindum. Hann hefur ekki sinnt því að hindra skemmdirnar á húsinu eða koma því í betra horf.

Magnús segir viðræður við eiganda hússins hafa staðið yfir að undanförnu. „Við höfum lagt að honum að gera úrbætur á húsinu. Eins og sést þá hefur það ekki borið mikinn árangur,“ segir hann.

Bæjarstjórinn segir að það eina sem sveitarfélagið geti gert sé að fara í formlegt ferli með málið þar sem eigandanum er gefinn frestur til úrbóta. „Að öðrum kosti láti sveitarfélagið gera það á hans kostnað og við erum að vinna í því að koma þessu ferli af stað,“ segir hann.

Fyrir meira en tveimur og hálfu ári, í mars 2012, sögðu Víkurfréttir frá því að Garður hefði boðað húseigandanum að lagðar yrðu á hann 30 þúsund króna dagsektir



**VÍK** Ástand hússins er vægast sagt skelfilegt og versnar stöðugt.

frá 1. júní það ár ef hann kæmi ekki skikki á húsið. Þeim var ekki beitt og Magnús kveðst ekki þekkja þá sögu því þetta hafi verið fyrir hans tíð sem bæjarstjóri.

„Við höfum þetta dagsektaúrræði en mér skilst að við getum gefið honum frest og síðan gripið inn í málið með einhverjum hætti á hans kostnað,“ segir Magnús sem kveður nú skoðað hjá bænum hvernig betur megi tryggja húsið þar til framtíðarlausn finnst.

Magnús undirstrikar að málið sé ekki einfalt því réttur eigandans sé mikill og huga þurfi að kostnaðarhliðinni. Bæjarstarfsmenn séu sendir reglulega að húsinu til að fylgjast með. „Maður fær eiginlega kvíðakast í hvert sinn sem hreyfir vind. Það þarf að afstýra þeirri hættu sem stafar af þessu og við erum að vinna að ákveðinni lausn sem við vonumst til að ná í samvinnu við eigandann,“ segir bæjarstjórinn.



**Maður fær eiginlega kvíðakast í hvert sinn sem hreyfir vind.**

*Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Garði.*

gar@frettabladid.is

Formenn stjórnarandstöðunnar senda frá sér sameiginlega yfirlýsingu:

# Vilja sáttanefnd í læknadeiluna

**STJÓRNMÁL** Formenn stjórnarandstöðunnar sendu í gær frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir kalla eftir sáttanefnd vegna læknadeilunnar.

Í yfirlýsingunni segir meðal annars að ríkisstjórnin virðist ráðalaus í deilunni.

„Brúa verður það bil sem er á milli afstöðu lækna og ríkisins. Landsmenn eiga heimtingu á því að stjórnvöld geri allt sem mögulegt er að til að greiða fyrir lausn deilunnar.“

Formennirnir vísa í lög um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem segir að ríkisstjórnin geti, ef sýnt þyki að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar, skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar.

„Við formenn Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Pírata hvetjum ríkisstjórnina til að hugleiða beitingu þessa úrræðis og ræða við ríkissáttasemjara um hvort þessi leið geti auðveldað það verkefni að brúa bil milli aðila. Það er ekki hægt að sitja með hendur í skauti við þessar aðstæður,“ segir að lokum í yfirlýsingunni. - fbj



**STJÓRNARANDSTAÐAN** Árni Páll Árnason, Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Steingrímsson og Birgitta Jónsdóttir, formenn stjórnarandstöðuflokkanna, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu vegna læknadeilunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Ljómandi hugmynd frá Ólafi Elíassyni
LITTLE SUN er falleg gjöf sem heldur áfram að gefa
Um 1,2 milljarður manna um allan heim búa ekki við aðgang að rafmagni. LITTLE SUN er LED-ljós með öflugri sólarrafhlöðu sem er þróað til að veita órafvæddum samfélögum aðgang að hreinum og áreiðanlegum ljósgjafa á viðráðanlegu verði.
Þegar þú kaupir LITTLE SUN-ljósið niðurgreiðir þú sams konar ljós fyrir íbúa svæða utan rafveitu. Lýstu upp tilveruna og gefðu fallega hönnun eftir Ólaf Elíasson. Nánari upplýsingar má finna á littlesun.com. GAMMA er styrktaraðili LITTLE SUN á Íslandi.
LITTLE SUN kostar 3.700 kr. og fæst í Gallery GAMMA og í i8 gallery
GAMMA
littlesun@gamma.is
Sími 519 3300
Garðastræti 37
101 Reykjavík
i8 gallery
info@i8.is
Sími 551 3666
Tryggvagata 16
101 Reykjavík
LJÓSMYND: LILJA BIRGISDÓTTIR | JÓNSSON & LE'MACKS | SÍA

## SVONA ERUM VIÐ




**15.000 Íslendingar, eða um 20% þjóðarinnar, fóru vestur um haf á tímabilinu 1870-1914 og sneru ekki aftur.**

Framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda segir félagsmenn ósátta við ákvörðun Gildis:

# Orðlaus yfir vaxtahækkun Gildis lífeyrissjóðs

**VIÐSKIPTI** „Ég tel þessa ákvörðun óskiljanlega og er satt að segja orðlaus,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda (LS), um ákvörðun Gildis lífeyrissjóðs um að hækka vexti á sjóðfélagalánum úr 3,1 prósenti í 3,35 prósent á næsta gjalddaga.

„Nú er Seðlabankinn búinn að lækka stýrivexti í tvígang og bankarnir hafa fylgt á eftir og því er þessi ákvörðun illskiljanleg,“ segir Örn.

Hann segir félagsmenn LS ósátta við ákvörðun stjórnenda lífeyrissjóðsins og að einn þeirra hafi krafist þess að ákvörðunin yrði „tafarlaust dregin til baka og sjóðfélagar sem hlut ættu að máli beðnir afsökunar á áreitinu“.

„Í prósentuhækkun er þetta átta prósent. Það eru fulltrúar frá launþegum og Samtökum atvinnulífsins í stjórn sjóðsins og þessir aðilar standa að þessari hækkun stuttu eftir að þing ASÍ kvartaði yfir of háum vöxtum í þjóðfélaginu.“

Harpa Ólafsdóttir, stjórnarformaður Gildis, gefur lítið fyrir gagnrýni Arnar.

„Vextirnir eru með því allra lægsta sem gerist á markaðinum en við þurfum náttúrulega að huga að því að það sé verið að gæta hámarksávöxtunar sjóðfélaga. Þetta eru hins vegar breytilegir vextir og þessi ákvörðun var tekin áður en stýrivextir voru lækkaðir en framkvæmd hennar tók lengri tíma en við höfðum áætlað.“

**- hg**



**ÓSÁTTUR** Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, gerir ráð fyrir að vaxtahækkun Gildis verði rædd á næsta stjórnarfundi sambandsins síðar í vikunni.



**SIGURVEGARI** Abe hefur verið forsætisráðherra síðan 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skattahækkanir yfirvofandi:

## Ríkisstjórnin hélt meirihluta

**JAPAN** Frjálslyndi demókrataflokkur Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, hélt meirihluta í fulltrúadeild þingsins en kosningar fóru fram í gær. Flokkurinn hlaut tvo þriðju þingsæta.

Kosningarnar voru taldar prófsteinn efnahagsstefnu forsætisráðherrans. Síðan Abe tók við hefur hann reynt að koma hagkerfi landsins á skrið með því að auka fjármagn í umferð og auka ríkisútgjöld.

Þessu hafa fylgt skattahækkanir og á áætlun eru meiri hækkanir sem voru eitt stærsta kosningamálið.

**- jóe**

Farþegaskip fór á hliðina:

## Mannskætt slys í Austur-Kongó

**AUSTUR-KONGÓ, AP** Yfirvöld í Afríkulandinu Austur-Kongó telja að 129 manns, hið minnsta, hafi farist þegar farþegaskip fór á hliðina á Tanganyika-vatni í suðausturhluta landsins á föstudag.

Alls hefur 232 farþegum skipsins MV Mutambala verið bjargað. Skipið var í eigu fyrirtækis sem selur ferðir á milli bæja í héruðunum Katanga og Suður-Kívú. Talið er að sterkir vindar og sú staðreynd að skipið var yfirhlaðið hafi valdið slysinu. Enn er leitað að eftirlifendum og látnum á svæðinu.

**- hg**

# Sambýli í Hvalfjarðarsveit vatnslaust í níu mánuði

Ók með tank á kerru til að sækja vatn á bílaþvottaplan á Akranesi. Eftir að fór að frysta er vatnið sótt til slökkviliðsins. Sveitarstjórinn segir sveitarfélagið ekki hafa aðkomu að því að leggja vatnslagnir í dreifbýli.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Gunnar Tyrfingsson í Herdísarholti í Hvalfjarðarsveit er heitur af reiði í kuldanum þessa dagana. Undanfarna níu mánuði hefur hann þurft að ferðast með eitt þúsund lítra tank á kerru til Akraness til þess að ná í vatn, eina til tvær ferðir á dag en til Akraness eru 6 km frá Herdísarholti.



**SKÚLI ÞÓRÐARSON**

„Hér var gamalt vatnsból en vatnið í því þraut. Ég boraði þá eftir vatni en í þá holu kom saltur sjór þannig að ég þurfti að bora aðra. Vatnið í þeirri holu er nú þrotið. Ég sendi sveitarfélaginu bréf í júní í gegnum lögfræðing þar sem ég lýsti ástandinu og bað um að lögð yrði vatnsleiðsla eins og eðlilegt er að þeir geri en þar bera menn fyrir sig jafnræðisreglunni. Þeir segja að sé eitthvað gert fyrir einn bæ þurfi að gera það sama fyrir aðra líka.“

Gunnar, sem rekur sambýli fyrir fjóra fatlaða einstaklinga ásamt konu sinni, Unni Ingólfsdóttur, segir ástandið hafa verið erfitt. „Í fyrstu sótti ég vatn á bílaþvottaplan á Akranesi en eftir að tók að frysta hefur það ekki verið hægt. Félagsmálayfirvöld komu því í kring að ég gæti sótt vatn til Slökkviliðsins á Akranesi og þangað hef ég farið undanfarna daga. Svo hafa vinir og kunningjar leyft okkur að koma með tankinn til sín til að fá vatn. Það er ekki alltaf fært til Akraness til að sækja vatn þangað,“ greinir Gunnar frá.

Frostið að undanförnu hefur gert honum lífið leitt. „Vatnið frýs í tankinum og í slöngunni og ég hef orðið að þíða það með blásara. Þetta eru tóm vandræði. Ég er búinn að vera svolítið heitur út í þá í þessum kulda. Maður er svolítið undrandi á að þetta skuli geta gerst á Íslandi þar sem eru náttúruauðlindir úti um allt.“



**VATNSLAUS** Gunnar Tyrfingsson og Unnur Ingólfsdóttir í Herdísarholti eru ósátt við að fá ekki vatnsveitu. Þau aka með tank til Akraness á hverjum degi til að sækja vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann kveðst hafa fengið vilyrði hjá Orkuveitunni til að ná í vatn úr lind í Akrafjalli næstkomandi vor. „Það verður ekki hægt að fara að vinna í því fyrr en það fer að birta og veðrið lagast. Ég hef líka farið fram á að sveitarfélagið útvegi stóran tank á meðan á þessum vandræðum stendur en því var hafnað. Slökkviliðið hefur boðist til að koma með vatn ef ég hefði stóran tank.“

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í Hvalfjarðarsveit, segir Herdísarholt vera hefðbundið lögbýli í sveit. „Sveitarfélagið hefur enga aðkomu að því að leggja vatnslagnir á heimili í dreifbýli. Við værum að skapa slíkt fordæmi að það væri óvinnandi vegur fyrir okkur. Því miður er staðan þannig að það er erfitt með vatnsmál víðar í sveitinni en hjá þessum en þetta er ekki málefni sveitarfélagsins og getur ekki verið það.“

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að sveitarfélögum sé ekki skylt að starfrækja vatnsveitu í dreifbýli samkvæmt lögum um vatnsveitu sveitarfélaga nr. 32 frá 2004. „Í dreifbýli er sveitarstjórn hins vegar heimilt að reka vatnsveitu og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.“

Gunnar bendir á að í Hvalfjarðarsveit sé vatnsveita sem þjóni Grundartanga og Hagamelshverfi. Eðlilegt sé að hún sé útfærð svo að hún geti þjónað fleirum.



**VANDRÆÐI** Gunnar þarf að fara tvær vatnsferðir á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ibs@frettabladid.is**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | | Friedrichshafen | 10° | | New York | 7° | |
| Aþena | 15° | | Gautaborg | 6° | | Orlando | 22° | |
| Basel | 9° | | Kaupmannahöfn | 6° | | Ósló | 4° | |
| Berlín | 5° | | Las Palmas | 21° | | París | 6° | |
| Billund | 6° | | London | 9° | | San Francisco | 12° | |
| Frankfurt | 6° | | Mallorca | 16° | | Stokkhólmur | 4° | |




**Á MORGUN** Hvasst eða stormur með S- og V-strönd.

**MIÐVIKUDAGUR** Strekkingur eða hvasst á V-fjörðum og allra syðst.

**LÆGIR AUSTANLANDS** í kvöld en undir hádegi á morgun verður komið suðaustan hvassviðri eða stormur með suðurströndinni og allra vestast vegna skila sem ganga norðaustur yfir landið. Talsverð úrkoma fylgir skilunum mest í formi snævar.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
#WantIt
Kimono,
7995
LINDEX

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er áætlaður kostnaður við mat vegna háspennulínu?
**2.** Með hvaða liði spilar Jón Arnór Stefánsson körfuboltamaður?
**3.** Hvaða þekkti tískuhönnuður verslaði í JÖR fyrir helgi?

**SVÖR**

**1.** Um 100-150 milljónir króna **2.** CAI Zaragoza **3.** John Galliano

Formaður FFSÍ segir gæsluþyrlu eiga að vera til staðar fyrir útköll, ekki að sinna öðrum verkefnum:

# Segir forganginn þurfa að vera á hreinu

**BJÖRGUN** „Ég held það ætti að vera áhersluatriði númer eitt að vera tilbúnir til að sækja veika eða slasaða sjómenn eða fólk uppi á landi eða hvar sem er ef það slasast,“ segir Árni Bjarnason, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Í Fréttablaðinu á föstudag var fjallað um það að skipverji á frystitogaranum Örfirisey RE hefði fengið hjartaáfall um borð. Það tók þyrlu Landhelgisgæslunnar um þrjá tíma í stað eins að koma á staðinn þar sem þyrlan var stödd í verkefni fyrir Almannavarnir við eldstöðvarnar í Bárðarbungu. Skipverjar vöktu manninn til lífs með því að veita honum hjartahnoð og nota hjartastuðtæki sem var um borð.

Trausti Egilsson, skipstjóri Örfiriseyjar, sagði það óásættanlegt að þyrlan væri í slíkum verkefnum. Árni tekur undir þau sjónarmið.

„Þetta er eini sjúkrabíllinn fyrir sjómenn. Það er til nóg af öðrum flugförum til að sinna svona verkefnum.“ Árni segir sjómenn lengi hafa barist fyrir því að þessi mál séu í lagi.

„Þetta var komið í gott horf fyrir hrun en síðan fór þetta niður eftir það. Það þarf að hafa forganginn á hreinu. Hver mínúta skiptir máli þegar svona er. Vonandi verður þetta til þess að þeir fari ofan í saumana á því hvernig á að standa að þessu,“ segir Árni. **- vh**



**SJÚKRABÍLL FYRIR SJÓMENN** Árni Bjarnason, formaður FFSÍ, segir þyrlu LHG vera eina sjúkrabílinn fyrir sjómenn.

Ný rannsókn á Landspítala:

## Björguðu 98 af 100 sjúklingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknum á Landspítalanum tókst að bjarga lífi 98 af eitt hundrað sjúklingum sem komu á spítalann á fimmtán ára tímabili með alvarlega stunguáverka. Þetta sýna frumniðurstöður nýrrar rannsóknar þar sem allir alvarlegir stunguáverkar á Landspítalanum, sem kröfðust innlagnar á sjúkrahús á árunum 2000 til 2014, voru skoðaðir.



**TÓMAS GUÐBJARTSSON**

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og æðaskurðlæknir, segir þennan góða árangur skýrast í fyrsta lagi af skömmum viðbragðstíma neyðarbílsins, í öðru lagi af góðum aðgangi að blóði og í þriðja lagi keðjum á spítalanum sem virki vel. „Þetta er sem sagt það sem hefur núna ítrekað smollið saman og með þessu móti er hægt bjarga fólki sem er í mjög mikilli lífshættu,“ segir Tómas. **- lvp**

Árásarmennirnir handteknir:

## Ráðist á mæðgur í Breiðholti

**LÖGREGLUMÁL** Tvær ungar konur, sautján og nítján ára gamlar, veittust að þrettán ára gamalli stúlku og móður hennar í Breiðholtinu á laugardagskvöld.

Líkamsárásirnar áttu sér stað rétt fyrir níu þegar konurnar réðust á stúlkuna og tóku farsíma hennar. Móðir stúlkunnar fór þá á eftir konunum en þær svöruðu með því að ráðast á hana og meðal annars skemma gleraugu hennar. Samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru konurnar handteknar síðar um nóttina og vistaðar í fangageymslum. **- hg**

# Líst illa á tillögu um að flytja Rarik norður

Forstjóri Rarik segir Sauðárkrók ekki ákjósanlegan stað fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins. Um 50 manns starfa hjá Rarik í Reykjavík. Áður verið rætt að flytja höfuðstöðvarnar norður. Norðvesturnefndin skilaði 26 tillögum til ríkisstjórnarinnar.

**STJÓRNSÝSLA** „Mér hugnast þessi tillaga ekki. Fyrirtækið er með starfsstöðvar á 22 stöðum á landinu og í mínum huga verður áfram þörf fyrir að stærsta skrifstofan verði í Reykjavík,“ segir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rarik, um tillögu Norðvesturnefndar ríkisstjórnarinnar um að flytja höfuðstöðvar fyrirtækisins á Sauðárkrók.

Nefndin hefur sent 26 tillögur til ríkisstjórnarinnar um hvernig efla megi fjárfestingar, byggðaþróun og fjölga atvinnutækifærum á Norðurlandi vestra. Fréttastofa RÚV greindi frá því á laugardag að tillaga um að færa höfuðstöðvar Rarik á Sauðárkrók væri á meðal þeirra.

Um tvö hundruð manns starfa hjá fyrirtækinu og þar af um fimmtíu í höfuðstöðvunum í Reykjavík. Tryggvi segir Sauðárkrók ekki vera ákjósanlega staðsetningu fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins.

„Ég tel til dæmis að það sé meira framboð af háskólamenntuðu fólki í Reykjavík og það er í raun og veru ástæðan fyrir því af hverju ég tel að stærsta skrifstofan eigi að vera í Reykjavík. En þetta er auðvitað á endanum ákvörðun stjórnvalda og ef þau ákveða að fara einhverja svona leið þá hljóta þau að velta slíkum hlutum fyrir sér. Mér finnst þó alls ekki tímabært að fara á taugum yfir þessu eins og staðan er í dag,“ segir Tryggvi.

Hann bendir á að þetta sé ekki í fyrsta skiptið sem tillaga um að flytja Rarik norður er lögð fram. Árin 1996 og 2000 hafi meðal annars staðið til að færa höfuðstöðvarnar til Akureyrar.



**SAUÐÁRKRÓKUR** Megináhersla Rarik er á raforkudreifingu en um 90 prósent af dreifikerfum í sveitum landsins eru í umsjá fyrirtækisins.

„Það er ekkert langt síðan að hugmyndin um Sauðárkrók kom fyrst upp frá einhverri sambærilegri nefnd. Það heyrði ég fyrst fyrir einhverjum fimm árum þannig að þetta hefur áður komið upp.“

Tillögur Norðvesturnefndarinnar voru kynntar ríkisstjórninni á föstudag. Nefndin var skipuð í maí síðastliðnum og Stefán Vagn Stefánsson, oddviti framsóknarmanna í Skagafirði, er formaður hennar.

„Þetta eru alls 26 tillögur og ég vil síður tjá mig um þær að svo stöddu. Við erum búin að skila þeim inn til ríkisstjórnarinnar og þær eru þar. Verkefni okkar hlýtur þá að vera að fara yfir þetta með oddvitum ríkisstjórnarflokkanna og vinna í þessum tillögum áfram og setja í framkvæmd þær að samstaða er um að farið verði í. Það er næst á dagskrá nefndarinnar,“ segir Stefán. haraldur@frettabladid.is



**TRYGGVI ÞÓR HARALDSSON**



**STEFÁN VAGN STEFÁNSSON**



**ÓHÖPP** Tilkynnt hefur verið um fjölmörg óhöpp í farþegaþjónustu fatlaðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ HARALDUR JÓNASSON

Vill bæta ferðaþjónustu:

## Biður fatlaða afsökunar

**SAMFÉLAGSMÁL** Björn Blöndal borgarfulltrúi bað fatlaða afsökunar á röð óhappa í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Mikil óánægja hefur verið með ferðaþjónustu fatlaðra eftir að Strætó tók við akstri þeirra. Tilkynnt hefur verið um fjölmörg óhöpp, fatlaðir hafa oltið úr hjólastólum og heilabilaðir sjúklingar týnst. Hann minnti þó á að ætlunin væri fyrst og fremst að bæta þjónustuna. Með nýja kerfinu sé unnt að panta far með skemmri fyrirvara en áður. **- kbg**

Fleiri á netið í símanum:

## 10% á netinu undir stýri

**TÆKNI** Þeim fjölgar sem ntoa farsíma undir stýri til að fara á internetið samkvæmt nýlegri könnun MMR.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 10% hafa notað farsíma undir stýri til að fara á internetið, borið saman við 3,5% í maí 2010.

Þegar notkunin er skoðuð eftir stuðningi við stjórnmálaflokka kemur í ljós að þeir sem studdu Sjálfstæðisflokkinn voru líklegastir til að segjast hafa notað farsíma undir stýri síðastliðna 12 mánuði (88,0%) en þeir sem studdu Samfylkinguna voru ólíklegastir til þess (72,5%). **- kbg**




Snjór. Frost. Ís.
Skiptir engu!
Quattro er yfirburða fjórhjóladrif og gefur meiri kraft og grip. Með quattro tækninni getur þú tekist á við hvaða áskorun sem þú kannt að mæta. Audi Q5 er sérstaklega vel búinn og tilbúinn fyrir íslenskar aðstæður.
HA P20
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is
Audi
Vorsprung durch Technik

Seinagangur í borginni:

## Heilbrigðisgátt ekki í gagnið

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis hefur ekki enn tekið í notkun heilbrigðisgáttina VERU eins og stefnt var að í lok nóvembermánaðar.

Heilsugæslustöðin í Glæsibæ er enn eina stöðin sem notar gáttina sem veitir einstaklingum sem þar fá þjónustu rafrænan aðgang að margvíslegum upplýsingum um eigið heilsufar. Stefnt er að því að innleiða þjónustuna í öllum heilbrigðisumdæmum landsins snemma á næsta ári. - kbg

Fjárlaganefnd lauk vinnu sinni á laugardaginn varðandi fjárlagafrumvarpið sem er tilbúið í 3. umræðu:

# Lögreglan flutt austur en fjármagnið suður

**ALPINGI** Umræðum um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 lauk í fjárlaganefnd á laugardaginn var og er það því tilbúið til þriðju umræðu sem mun hefjast á morgun.

Athygli vekur að millifærsla upp á 50 milljónir frá lögregluumdæminu á Austurlandi til lögregluumdæmisins á Suðurlandi er enn inni í frumvarpinu þrátt fyrir reglugerð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um að halda lögreglunni á Hornafirði á Austurlandi.



ÓLÖF NORDAL

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG og nefndarmaður í fjárlaganefnd, telur þessi vinnubrögð mjög undarleg.

„Maður er gáttaður á þessum vinnubrögðum. Þarna sést viðspyrna við hugmyndir forsætisráðherra um að flytja lögregluna á Hornafirði, nokkrum mínútum áður en hann skilaði lyklunum að dómsmálaráðuneytinu, á Austurland. Ég mun benda á þetta við þriðju umræðu,“ segir Bjarkey.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra er á öðru máli og taldi óþarfa að hringla með þetta áður en lokaákvörðun verður tekin um staðsetningu lögreglunnar á Hornafirði.

„Ég er að viða að mér upplýsingum og mun líklega taka lokaákvörðun um staðsetninguna í þessari viku. Á meðan ég hef ekki tekið þá ákvörðun er ekki tímabært að breyta fjárlögum. Það er síðan hægt að millifæra féð hvar svo sem lögregluembættið verður staðsett,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra. - sa



> **Maður er gáttaður á þessum vinnubrögðum.**
> *Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG.*

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Engin verðmæti í bílum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu varar eigendur og umráðamenn ökutækja við því að skila verðmæti eftir í bílum. Nokkuð hefur verið um innbrot í bíla á höfuðborgarsvæðinu þar sem jafnvel jólagjöfum hefur verið stolið. Annars eru það einkum símar, tölvur og myndavélar sem freista þjófanna. Lögreglan segir að sé óhjákvæmilegt að skilja eftir verðmæti í bíl sé mikilvægt að slíkir hlutir séu ekki í augsýn.

**ORKUFRÉTTIR**

### Heitavatnslaust á Akranesi

Starfsmenn Orkuveitunnar luku í gær við viðgerð á tveimur bilunum, sem urðu í aðveitu Deildartunguæðar á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags. Þannig fór heitt vatn að streyma til Akraness á ný en vart var við lægri þrýsting á svæðinu í gær. Starfsfólk Orkuveitunnar baðst afsökunar á óþægindunum sem þetta olli. Nýr heitavatnsgeymir á Akranesi verður tekinn í notkun á næstu vikum.

# Íhuga að geisla vatnið eftir bakteríumengun

Sveitarstjórn Voga vill að HS veitur flýti gerð nýs vatnsbóls eftir að E.coli-bakteríur fundust í núverandi vatnsbóli. HS veitur segja nýtt vatnsból ekki á dagskrá í bili. Rætt er um að geisla vatnið til að hindra að mengun berist að nýju í veitukerfið.

**UMHVERFISMÁL** „Það veit enginn hvers vegna mengunin barst í vatnsbólið,“ segir Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga, um bakteríumengun sem uppgötvaðist í neysluvatni sveitarfélagsins í byrjun september.

Um var að ræða coli-gerlamengun sem kom fram við reglubundna skoðun heilbrigðiseftirlitsins í grunnskólanum í Vogum. Mengunin var rakin til vatnsbóls HS veitna í Vogavík. Í framhaldinu var íbúum ráðlagt að sjóða allt neysluvatn. Nokkrum dögum síðar hvarf mengunin og tilmælunum var þá fljótlega aflétt.

„Dagana á undan rigndi hressilega og líklegasta skýringin að mati heilbrigðiseftirlitsins er að jörðin hafi ekki haft undan að taka við vatninu og þá hafi húsdýraáburður eins og hrossatað blandast vatni sem síðan seig niður í grunnvatnið. En það er ekki nokkur einasta leið að finna út úr því,“ segir bæjarstjórinn.

Engum varð meint af mengaða vatninu í september. Ásgeir segir að núverandi borhola í vatnsbóli HS veitna í Vogavík hafi verið tekin í notkun árið 2008. Hann viti ekki til þess að viðlíka mengun hafi komið upp áður.

Samkvæmt aðalskipulagi Voga er gert ráð fyrir að nýtt vatnsból verði tekið í notkun eftir árið 2018. Í öryggisskyni verði það í heiðinni ofan Reykjanesbrautar en ekki niðri við sjó eins og núverandi borhola sem er í Vogavík á athafnasvæði fiskvinnslufyrirtækisins Stofnfisks.

Sveitarfélagið hefur óskað eftir því að framkvæmdum við nýtt vatnsból verði flýtt en HS veitur segja það ekki á dagskrá og ekki rúmast í fjárfestingaráætlun fyrirtækisins. Kostnaðurinn mun hlaupa á hundruðum milljóna króna.

Rætt er um að geisla vatnið í Vogavík í varúðarskyni áður en því er hleypt inn á veitukerfi sveitarfélagsins.

„Við höfum velt upp öllum flötum á málinu. Þetta er þá hugsað sem forvörn. Það sem einu sinni hefur gerst getur gerst aftur,“ segir Ásgeir. „Ef svo ólíklega vill til að það komi aftur upp bakteríumengun við dæluna þá myndi geislunin í raun og veru vinna á henni.“

Að sögn Ásgeirs er geislun þekkt aðferð sem notuð er annars staðar. „Þetta er ekki flókið ferli og hefur engin áhrif á vatnið en er fyrst og fremst varúðarráðstöfun.“

gar@frettabladid.is



**VOGAR** Vatnsból Vogabúa er í Vogavík sem er hægra megin við byggðina á myndinni. MYND/VOGAR-ODDGEIR KARLSSON



> **Það sem einu sinni hefur gerst getur gerst aftur.**
> *Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga.*


**Lýðheilsa – Heilsa í allar stefnur**

**Hvar standa Íslendingar í samanburði þjóða?**

**Opið málþing**

Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu – 16. desember 2014 kl. 14:30–16:30

Dagskrá:

14:30 Ávarp forsætisráðherra - Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

14:45 Heilsa í allar stefnur: „Health in All Policies“ – reynsla Finna: Timo Ståhl sviðsstjóri, Lýðheilsustofnun Finnlands

15:15 Þrándheimsyfirlýsingin um lýðheilsu og reynsla Norðmanna af lögum um lýðheilsu: Tone Poulsson Torgersen sérfræðingur, Heilbrigðismálastofnun Noregs

15:35 Staðan á Íslandi – Hvað höfum við gert vel og hvað getum við gert enn betur? Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri, Embætti landlæknis

15:55 Pallborðsumræður - Stjórnandi: Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor, formaður Lýðheilsunefndar

16:30 Málþingslok

Málþingsstjóri: Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri í velferðarráðuneytinu

Forsætisráðuneytið Embætti landlæknis Velferðarráðuneytið





**BOSCH Hárblásari** PHD 5767 2000 W. Quattro-Ion tækni: Afrafmagnar hárið, gerir það mýkra og veitir því gljáa. Jólaverð: 7.900 kr. Fullt verð: 10.500 kr.



**Rommelsbacher Vöfflujárn** WA 1000/E Glæsilegt 1000 W vöfflujárn úr burstuðu stáli frá þýska framleiðandanum Rommelsbacher. Viðloðunarfritt yfirborð. Jólaverð: 11.900 kr. Fullt verð: 14.900 kr.



**BOSCH Töfrasproti** MSM 67170 Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring. Jólaverð: 13.900 kr. Fullt verð: 17.900 kr.



**SIEMENS Ryksuga** VSZ 3A222 Orkuflokkur A. Parkett og flísar, flokkur C. Teppi, flokkur D. Útblástur A. Hljóð: 79 dB. Jólaverð: 23.900 kr. Fullt verð: 29.900 kr.



**Lux Hangandi ljós** 15308-29 Jólaverð: 15.900 kr. Fullt verð: 21.900 kr.



Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is. Fullt af glæsilegum vörum á jólaverði.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000 www.sminor.is

# Hágæða bakpokar frá Osprey

Við stillum alla bakpoka svo þeir passi fullkomlega. Á öllum stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.

Eitt mesta úrval landsins!

Komdu og mátaðu,
þú finnur muninn.

- Klifurbakpokar
- Leiðsögumannabakpokar
- Fjallgöngubakpokar
- Fjallaskíðabakpokar
- Hjólabakpokar



Spennandi jólagjafir fyrir áhugafólk um útivist

GG•sport

Mjög sterkir keðjubroddar á frábæru verði

- 13 punkta broddar
- Hágæða frostþolið gúmmí
- Keðja soðin á samskeytum
- Taska fylgir með

5.900 kr.



## Ótrúleg útvörp sem virka alltaf!

Snilld og öryggi í alla útivist og ferðalög.

- Hlaða síma
- Ganga fyrir sólarorku
- Handhlaðanleg
- Hægt að tengja heyrnatól
- Glóa í myrkri
- LED vasaljós
- AM/FM



SOULRA FRX3
21.490 kr.

SOULRA FRX2
13.980 kr.

SOULRA FRX1
9.900 kr.

Enginn venjulegur hitabrúsi!

Heldur vökvanum heitum mun lengur en venjulegir hitabrúsar.
Óbrjótanlegt innra hylki.

0,51L 7.400 kr.
0,75L 8.600 kr.



TERNUA

## Göngufatnaður frá Ternua

Skel, flís og undirlag

- Það er hagstæðara að versla hjá okkur en að panta á netinu!



Loksins á Íslandi!

AKU trekking & outdoor footwear



**AKU Superalp**
Aukinn stuðningur fyrir lengri ferðir
45.900 kr.



**AKU Terrealp**
Fyrir krefjandi aðstæður
48.900 kr.



**AKU Conero**
Alhliða gönguskór
37.900 kr.

## Gönguskór frá AKU

- Nuubuck leður
- Léttir
- Vibram sóli
- Vatnsheldir, Gore-Tex filma
- Costom fit kerfi

Gerið verð- og gæðasamanburð!



**LumexPro höfuðljósið** hefur sannað ágæti sitt meðal fjölmargra björgunarsveita hér á Íslandi.

- Ljósið er mjög sterkt, 185 lumen og hefur 16 tíma endingu
- 5 mismunandi stillingar á aðalljósi og zoom á linsu
- 2 stillingar á ljósi að aftan, rautt blikk og stöðugt
- 3AAA rafhlöður sem fylgja með
- Vatnsþéttivörn

14.900 kr.

SealSkinz

**Vertu klár í bleytuna**

SealSkinz hanskar, sokkar og húfur halda þér algjörlega þurrum



Frábært í alla útivist

## Fjallaþrennan

Öxi, broddar og belti



Ísöxi m/fetli 13.890 kr.

Mannbroddar
19.900 kr.

Göngubelti 7.990 kr.

*Hvergi hagstæðara verð!*



Ferrino HASHI
**ítalskir göngustafir**

- Stillikerfi *Fast adjust*
- Extra langt handfang
- Léttir og sterkir

15.900 kr.



**Ferrino Zermatt legghlífar**
Framrenndar og vatnsheldar legghlífar eins og þær gerast bestar!
7.800 kr.



**Vaðskór**
Góðir neoprene vaðskór fyrir þá sem ætla að þvera árnar í sumar
2.390 kr.

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

GG•sport

*-við erum sérfræðingar í útivist*

Smiðjuvegur 8 (Græn gata), 200 Kópavogi sími: 571 1020









Vegir eru enn ófærir eftir að ofsaveður gekk yfir Norður- og Austurland í gær:

# Veðurmælir gaf sig vegna vinds

**VEÐUR** Djúp lægð gekk yfir Norður- og Austurland í gær. Þar sem veðrið var verst náði vindhraði fellibylsstyrk og ofankoma var töluverð.

Veðurofsinn var mestur í Hamarsfirði en þar mældust vindhviður upp á 67 m/sek. áður en sjálfvirkur veðurmælir gaf sig. Meðalvindhraði í firðinum var tæpir 40 m/sek.

Björgunarsveitarmenn víða um land þurftu að fara í útköll sökum veðursins. Aka þurfti með barnshafandi konu frá Dalvík inn á Akureyri. Einnig þurfti að aðstoða ökumenn á Steingrímsfjarðarheiði, í Námaskarði, Víkurskarði og Mikladal og við Reynisfjall svo einhverjir staðir séu nefndir.

Á Akureyri gekk illa að ryðja götur og sáu björgunarsveitarbílar því um að koma heilbrigðisstarfsfólki í og úr vinnu. Sömu sögu er að segja frá Egilsstöðum og á Reyðarfirði var starfsfólk ferjað í álverið.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var enn kolófært á þessum slóðum og mokstur hvergi hafinn. **-jóe**



**AKUREYRI** Ófært er norðan- og austanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Samkomulagi náð á framlengdum fundi

Fulltrúar 194 þjóða funduðu á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Líma í Perú. Illa gekk að komast að niðurstöðu og dróst fundarhald um tvo daga. Fundarmenn segjast sáttir en umhverfisverndarsinnar telja ekki nógu langt gengið.

**PERÚ** Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Líma, höfuðborg Perú, lauk í gær. Lok ráðstefnunnar drógust um tvo daga þar sem fulltrúum þjóðanna á fundinum gekk illa að komast að samkomulagi um hvernig takast eigi á við loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins þurfa ríki heimsins að leggja fram áætlanir fyrir apríl á næsta ári um hvernig þau ætli sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innanlands. Þau plön munu leggja grunninn að nýjum loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna sem undirrita á í París að ári.

Samningurinn sem undirrita á að ári markar tímamót að því leyti að í fyrsta sinn í sögunni verða allar þjóðir skikkaðar til að draga úr útblæstri. Það er töluverð breyting frá Kyoto-bókuninni, sem undirrituð var árið 1997, en hún einblíndi aðeins á fjáð ríki. Bandaríkin eiga til að mynda enn eftir að undirrita bókunina en aðeins Kína losar meira af gróðurhúsalofttegundum en Bandaríkin.

„Þrátt fyrir þessa lendingu er enn langur vegur eftir í nýjan samning að ári," segir Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands. Fundurinn í Líma lengdist um tvo daga þar sem óralangt var á milli sjónarmiða ríkra og fátækra þjóða. Upphafleg markmið þóttu of íþyngjandi fyrir smærri þjóðir.

„Við erum sátt. Við fengum það sem við vildum," segir Prakash Javedekar, umhverfisráðherra Indlands. Hann segir að enn séu ríkar skyldur á herðum ríkra þjóða að fara fyrir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Ábyrgðin á hnattrænni hlýnun sé þeirra og það eigi að koma í þeirra hlut að laga skaðann sem þær ollu.

„Þetta er ágætis veganesti fyrir fundinn í París," segir Miguel Arias Canete, loftslags- og orkumálastjóri Evrópusambandsins. Vonast sé til að næstu skref muni minnka öfgar í veðri og hægja á hækkun sjávaryfirborðs.

Umhverfisverndarsamtök segja ekki nógu langt gengið og frekari breytinga þörf sé ef ekki á að fara illa. Tillagan sem lagt var upp með í upphafi hafi verið veik og orðið veikari eftir því sem á leið.

Fjölmargir aðgerðasinnar lögðu leið sína til Perú til að þrýsta á fundarmenn að bregðast við. Þeirra á meðal var hópur frá Greenpeace sem kom fyrir skilaboðum á Nazcalínunum. Línurnar eru um 1.500 ára gamlar og á heimsminjaskrá UNESCO. Málið vakti töluverða reiði og báðust meðlimirnir loks afsökunar á athæfinu.

johannoli@frettabladid.is



**FUNDARMENN** 194 þjóðir tóku þátt í Líma. Hér sést fólk lesa yfir plagg það er síðar var samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

www.volkswagen.is




Volkswagen atvinnubílar

Einstakt tækifæri

Nú í desember gefst einstakt tækifæri til að kaupa **sýningar- og reynsluakstursbíla** hjá VW atvinnubílum **á góðum kjörum.** Kynntu þér málið hjá sölufulltrúum okkar á Laugavegi 174.

Atvinnubílar

Takmarkað magn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




KIA
The Power to Surprise

# Veglegur vetrarpakki fylgir

Vetrarpakki að verðmæti 390.000 kr. fylgir öllum Kia Sportage fram að áramótum, **vetrardekk**, **dráttarbeisli** og **skottmotta** — fyrir utan allt hitt. Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, leðurinnrétting, bakkmyndavél, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, 7 ára ábyrgð og margt fleira. Komdu og kíktu í pakkann.







Verð **6.590.777** kr.

Eða **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia Sportage World Cup Edition 2,0 dísil, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur

Fæst einnig sem 1,7 dísil, framhjóladrifinn á verði frá **4.890.777** kr.

**Kia Sportage bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.**

*M.v. 2.950.000 kr. útborgun og bílalán í 84 mánuði. 8,5 % óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,10 %

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland




Um árabil höfum við tekið virkan þátt í tónlistarlífinu á Íslandi með því að styðja við íslenska tónlist með margvíslegum hætti.

Starfið síðustu ár hefur verið afar gefandi og erum við stolt af því að geta áfram hlúð að íslenskri tónlist. Föstudaginn 12. desember, á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, skrifuðum við undir styrktarsamning við Iceland Airwaves, Músíktilraunir og Reykjavík Loftbrú sem gildir næstu þrjú árin. Við munum einnig styðja þátttöku Íslands í tónlistarhátíðinni Eurosonic nú í janúar og áfram spila íslenska tónlist um borð í flugvélum okkar.

**Við þökkum íslensku tónlistarfólki fyrir þeirra tónlist og hlökkum til að halda áfram að styðja íslenskt tónlistarlíf.**

ICELAND AIRWAVES

REYKJAVÍK LOFTBRÚ

MÚSÍKTILRAUNIR 2014



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72041 12/14

+ icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Hröð velta netfyrirtækis:

## Kosinn athafnamaður ársins

**SVÍÞJÓÐ** Þórður Erlingsson, sem á og rekur hugbúnaðarfyrirtækið InExchange, var nýlega valinn athafnamaður ársins í Skaraborghéraði í Svíþjóð af samtökum atvinnulífsins þar ytra. Frá þessu greinir fréttamiðillinn Feykir.

Fyrirtækið sérhæfir sig í rafrænum reikningum fyrir fyrirtæki á netinu og hefur vaxið ört þegar kemur að veltu. Síðar verður valið úr öllum héruðum í Svíþjóð og verður Þórður með í þeirri kosningu. - kbg

Carbon Recycling í sókn:

## Framleiðslan verður tífölduð

**ORKUMÁL** Carbon Recycling hyggst reisa aðra og stærri verksmiðju en þá sem fyrirtækið rekur í Svartsengi. Verksmiðjan myndi tífalda framleiðslugetu fyrirtækisins sem hefur unnið eldsneytið metanól úr útblæstri orkuvers HS Orku.

Einnig eru tvær aðrar verksmiðjur hér innanlands á teikniborðinu sem myndu þá tengjast öðrum jarðvarmavirkjunum á Íslandi. Verksmiðjan í Svartsengi tók til starfa 2012. - kmu




**FLUGVÉL** Forráðamenn SAS hafa gert lítið úr atvikinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússnesk herþota flaug of nærri farþegaflugvél:

## Stórslysi afstýrt er tvær farþegaflugvélar skullu nærri saman

**SAMGÖNGUR Rússnesk herþota og farþegaflugvél SAS, á leið frá Kaupmannahöfn til Poznan í Póllandi, lentu nærrum því saman síðastliðinn föstudag. Atvikið átti sér stað í alþjóðlegu loftrými. Sænsk yfirvöld herma að hefðu flugumferðarstjórar ekki gripið inn í hefði farið illa. Rússnesk yfirvöld neita þessum ásökunum.**

**„Flug þotunnar fylgdi öllum reglum. Hún rauf ekki lofthelgi neinna ríkja og flaug hvergi of nálægt nokkurri farþegavél," segir Igor Konashenko, talsmaður varnarmálaráðuneytis Rússlands.**

**Þetta er ekki í fyrsta skipti á undanförnum mánuðum sem rússnesk hernaðartæki komast í fréttir. Sænsk yfirvöld segjast hafa séð kafbát nálægt Stokkhólmi og herskip eiga að hafa siglt á Ermasundi fyrir skömmu.**

**Í báðum tilvikum liggja Rússar undir grun.** - jóe

# Áratug gæti tekið að leggja léttlestakerfi

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu er samstiga í að skoða hvernig bæta megi almenningssamgöngur, segir borgarstjóri Reykjavíkur og er sammála um nauðsyn þess að ráðast í slíkar framkvæmdir. Getur verið hluti af því að bæta kjör hjá fólki.

**SAMGÖNGUR** Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa beint sjónum bæði að hraðvagna- og léttlestakerfi í viðleitni til að bæta almenningssamgöngur. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, segir tekið fagnandi hugmyndum og útfærslum á borð við þá sem Gísli Rafn Guðmundsson borgarhönnuður vann í tengslum við lokaverkefni í meistaranámi í arkitektúr við háskólann í Lundi í Svíþjóð.



**GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Fjallað var um verkefni Gísla Rafns í Markaðnum, fylgiblaði Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, síðasta miðvikudag. Þar kom fram hvernig léttlestakerfi (eða sporvagn) geti haft áhrif á þróun byggðar í borginni.

Dagur segir liggja fyrir að höfuðborgarsvæðið þurfi afkastameiri almenningssamgöngur. „Og sveitarfélögin hafa verið að skoða bæði hraðvagnakerfi og hugsanlega léttlestakerfi," segir hann. Val á afkastameira kerfi almenningssamgangna og útfærslu þess segir hann svo eitt af verkefnum í nýju svæðisskipulagi borgarinnar. „Þannig að við tökum öllum svona hugmyndum fagnandi inn í þá skoðun."

Að mati Dags var áhugavert að sjá hvernig nýtt aðalskipulag Reykjavíkur var innblástur að verkefni Gísla Rafns. „En með því verður svona samgöngumáti í fyrsta skipti að raunhæfum möguleika með því að byggja þéttar á ákveðnum þróunarásum," segir hann, en í verkefni Gísla Rafns er gert ráð fyrir léttlestakerfi með föstum biðstöðvum þar sem fyrir liggur að þétta eigi byggð í borginni, frá miðbæ í vestri og um Suðurlandsbraut, Voga og upp í Grafarvog.

Fjöldi kosta fylgir bættum almenningssamgöngum að mati borgarstjóra. Þannig geti líka verið kjaramál að hafa aðgang að góðum og öruggum ferðamáta. „Þá þarf ekki jafnstóra bílakjallara undir húsum, en þeir vega mjög þungt í íbúðaverði. Svo skiptir heimilin líka máli að þurfa ekki að reka tvo bíla," segir hann. Að auki séu þekkt hliðaráhrif í þá veru að svæði í kring um lestarstöðvar og góðar almenningssamgöngur verði eftirsóttari, bæði til uppbyggingar og eins vegna aukinna lífsgæða.

Um leið viðurkennir Dagur að horft sé til lengri tíma í vangaveltum sem þessum „Jafnvel þó við tækjum svona ákvörðun í dag, þá sýnir reynslan erlendis frá að það tekur auðveldlega áratug að hrinda henni í framkvæmd." Mestu máli skipti hins vegar að orðin sé til á höfuðborgarsvæðinu mjög breið samstaða um að efla þurfi almenningssamgöngur. „Við áttum okkur á því að þær þurfa að vera afkastameiri og að þetta þurfi að vera hágæðasamgöngur og sveitarfélögin eru samstiga í að skoða þessi mál. Ég á því von á því að þessi umræða verði ennþá meira áberandi á næstu misserum." olikr@frettabladid.is



**UMRÆDDUR ÞRÓUNARÁS** Hér hefur verið teiknuð leið léttlestar (sporvagns) um þróunarásinn í aðalskipulagi Reykjavíkur til 2030 þar sem byggð á að þéttast, frá Mýrargötu um Hverfisgötu, Laugaveg, Suðurlandsbraut, yfir Elliðavog, um Stórhöfða og að nýrri byggð við Keldnaholt í Grafarvogi. MYND/GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON



**STÓRBORGARBRAGUR** Ein teikninga úr lokaverkefni Gísla.



**MÓTMÆLI** Mannfjöldi reynir að hindra handtöku ritstjóra Zaman. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Meintir landráðamenn handteknir í Tyrklandi:

## Tugir teknir höndum

**TYRKLAND, BBC** Lögreglan í Tyrklandi handtók minnst 23 starfsmenn fjölmiðla þar í landi í gær.

Meðal þeirra handteknu er Ekrem Dumanli, ritstjóri dagblaðsins Zaman, sem hefur verið einn helsti andstæðingur forsetans. Er fréttist af handtökunum safnaðist fjöldi manns saman fyrir utan skrifstofur blaðsins og kom í veg fyrir að hægt væri að flytja starfsmenn blaðsins á brott. Handtökurnar tókust í annarri atrennu.

Á laugardaginn lýsti Recep Tayyip Erdogan forseti því yfir að til stæði að hreinsa landið af mönnum sem hann sagði leggja á ráðin um byltingu. Dagsetningin er ekki talin tilviljun en ár er síðan fjölmiðlar flettu ofan af spillingarmáli sem kostaði fjóra ráðherra í ríkisstjórninni stólinn. Líf ríkisstjórnarinnar hékk á bláþræði en hún hélt velli. Nú á að koma í veg fyrir að slík atvik geti endurtekið sig. - jóe





the PIER
0 vörur - 0 Kr
ALLAR VÖRUR
JÓLAVARA
HÚSGÖGN
SMÁVARA
PÚÐAR
SÉRTILBOÐ
AF ALLRI JÓLAVÖRU • 40% AFSLÁTTUR
40%
40%
AFSLÁTTUR
AF ALLRI JÓLAVÖRU
www.pier.is
NÝ HEIMASÍÐA OG VEFVERSLUN
50% AFSLÁTTUR
af völdum jólakúlum
áður 290,- stk NÚ 145,- STK.
2 STÆRÐIR HVÍT JÓLATRÉ
Verð 60cm 1.990,-
Verð150cm 12.990,-
NÝ VARA
TAKMARKAÐ MAGN
SVARTA PERLAN
KOMIN Í HÚS
Teketill með síu
Áður 6.490,- NÚ 5.192,-
20% AFSLÁTTUR
Teketill með síu
Áður 5.690,- NÚ 4.552,-
4stk. áður 790,- NÚ 553,-
Úrval rúmteppa
160x220
240x260
30% AFSLÁTTUR
4stk. áður 2.590,- NÚ 2.072,-
Áður 9.990,- NÚ 6.993,-
2stk. áður 1.990,- NÚ 1.592,-
Áður 7.990,- NÚ 5.593,-
Silfurbekkur áður 39.900,- NÚ 31.920,-
Rúskinn/Leður
20% AFSLÁTTUR
Gullbekkur áður 25.900,- NÚ 20.720,-
Rúskinn /Leður
4stk. áður 1.990,- NÚ 1.592,-
Flöskuopnari áður 2.990,- NÚ 2.392,-
Verð áður 9.990,- NÚ 7.992,-
20% AFSLÁTTUR
JÓLAOPNUN
Smáratorg | Korputorg | Glerártorg
15. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
16. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
17. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
18. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
19. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
20. DES 10.00–22.00 10.00–22.00 10.00–22.00
21. DES 12.00–22.00 12.00–22.00 10.00–22.00
22. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
23. DES 11.00–23.00 11.00–22.00 11.00–23.00
24. DES 09.00–12.00 09.00–12.00 09.00–12.00
A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME
Grár stóll 80x88cm
Áður 79.900,- NÚ 63.920,-
Svartur stóll 75x88cm
Áður 49.900,- NÚ 39.920,-
NÝTT KORTATÍMABIL
www.pier.is
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook
ANTON & BERGUR

Súpum nú seyðið af ábyrgðarleysi fyrri kynslóða:

# Hryðjuverkin á náttúru Íslands

Kannski eru starfandi stjórnmálamenn langt í frá að vera þeir verstu sem hér hafa starfað. Í afar upplýsandi fréttaskýringum hér í Fréttablaðinu, hefur Svavar Hávarðsson blaðamaður upplýst okkur um, eða kannski rifjað upp, stórkostleg níðingsverk gegn íslenskri náttúru. Svo langt gekk sú endemis vitleysa að bændum var borgað fyrir náttúruspjöllin, og borgað því meir sem eyðilegging af störfum þeirra var meiri. Afleiðingarnar eru stórkostlegar og mun seint, og jafnvel aldrei, gróa um heilt.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Ráðamenn þess tíma fengu þá hugdettu að láta grafa skurði í votlendi og þurrka þannig upp mýrar. Og það var grafið og grafið og ekki var hætt að grafa fyrr en 33.000 kílómetrar af skurðum höfðu verið grafnir. Það er ótrúlega mikið. Gáum að því að þvermál jarðarinnar um miðbaug er litlu meira, eða um 40.000 kílómetrar. Mikið votlendi var þurrkað upp og aðeins áttundi hluti þess hefur verið nytjaður. Allt hitt hefur aldrei verið notað og verður trúlega aldrei. Við hættum greftrinum ekki fyrr en hætt var að borga bændum fyrir hryðjuverkin gegn náttúrunni.

Og hverjar eru svo afleiðingarnar? Losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim 3.900 ferkílómetrum votlendis sem þurrkaðir hafa verið með framræslu er miklu meiri en frá allri brennslu jarðefnaeldsneytis og iðnaði á hverju ári. Helmingur alls votlendis á Íslandi hefur verið ræstur fram. Þegar ljóst var hvað við höfðum gert var ákveðið, og vel á minnst fyrir tuttugu árum, að endurheimta votlendið, að moka ofan í skurðina.

Verulegur hluti þessa lands, sem var þurrkaður, er ekki nýttur en inngripið í náttúruna hefur víðtæk áhrif og endurheimt lands er talin aðkallandi umhverfismál. Slík endurheimt á 20 ára tímabili til ársins 2012 var aðeins sex ferkílómetrar. Það sem vitað er núna, en ekki þegar skurðirnir voru flestir grafnir, er að framræsla votlendis veldur oxun eða bruna á lífrænum efnum í mold sem stuðlar að losun út í andrúmsloftið. Losunin er mjög mikil á Íslandi. Losun frá framræstu mólendi var því 226% meiri en samanlögð losun vegna orkunotkunar og iðnaðarferla hér á landi. Þvílíkur gauragangur í mannfólkinu.

Og það er ekki eins og þetta sé nóg. Nei, heldur betur ekki. Eftir fádæma ofbeit á landinu og með öðru háttarlagi er svo komið að það þarf að græða upp eina milljón hektara lands og brýnt er að ráðast í að græða upp 500.000 hektara. Sem er allt annað en það sem við erum að gera, en árlega er unnið við að græða upp 12.500 hektara, það er allt. „Við verðum því að leggjast mun þyngra á árarnar ef við eigum að vinna upp það sem glatast hefur á síðustu öldum,“ sagði Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri í viðtali við Svavar Hávarðsson blaðamann.

„Landsmenn skulda íslenskri náttúru að stöðva jarðvegseyðinguna og endurheimta horfna landkosti. Við höfum líka undirritað ótal alþjóðlega samninga á þessu sviði og verðum að standa við þá,“ sagði Sveinn.

Við getum fundið að núverandi fólki í stjórnmálum, en trúlega voru forverar þess engu skárri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Brýnt í jólasteikina



Keramik hnífabrýni

Goursharp Pro

Kr. 5.157,-

FASTUS

Veit á vandaða lausn

FASTUS_E_55.12.14

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fólkið borgar leiðréttinguna

Eins og allir vita var settur bankaskattur á til að afla fjár fyrir skuldaleiðréttingu ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Bankarnir fundu einföldustu leið, af öllum einföldum, til að standa undir hinum nýja skatti. Eftir að Seðlabankinn kynnti lækkun stýrivaxta blasti aðgerð bankanna við. Þeir sem sagt ákváðu að láta viðskiptavini sína borga bankaskattinn. Þeir einfaldlega juku vaxtamuninn, þannig að þegar þeir urðu að lækka útlánsvexti lítið eitt, minna en efni stóðu til, lækkuðu þeir innlánsvextina gott betur og mismunurinn fer í að borga bankaskatt ríkisstjórnarinnar. Þannig að þau skuldlausu, sem fá enga leiðréttingu, borga drjúgan hluta skuldaleiðréttingarinnar.



### Sveinbjörg til bjargar

Sigmundur sagði frá því á Facebook-síðu sinni að hann hefði farið á jólaball í gær þar sem fjöldi leikskólabarna skemmti sér innilega við söng og dans. Jólasveinarnir sem mættu hafi hins vegar orðið smeykir þegar kom að því að syngja Heims um ból af ótta við útsendara frá mannréttindaráði Reykjavíkurborgar. Vísaði hann þar til ummæla Lífar Magneudóttur, formanns ráðsins, sem telur það stangast á við samskiptareglur borgarinnar við trúfélög að flytja börnum hugvekju í kirkjum. Sigmundur þarf væntanlega ekki að missa mikinn svefn yfir útsendurum mannréttindaráðs þar sem flokkssystir hans í borgarstjórn tók á fimmtudag sæti í starfshópi um endurskoðun mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.



sme@frettabladid.is / fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Jólahefð eða innræting?

TRÚMÁL



Hildur Sverrisdóttir

borgarfulltrúi

Varaborgarfulltrúi VG, Líf Magneudóttir, stóð fyrir einkennilegu upphlaupi í síðustu viku þegar hún gagnrýndi að Langholtsskóli stæði fyrir hefðbundinni kirkjuferð og sagði „algerlega ólíðandi að skólar hafi milligöngu um trúarinnrætingu barna“.

Fyrir nokkrum misserum voru settar reglur bæði af hálfu ríkis og Reykjavíkurborgar, í báðum tilvikum með atbeina VG, um samskipti skóla og trúfélaga. Umrædd kirkjuferð rúmast vel innan þeirra reglna. Í reglum borgarinnar segir að heimsóknir í tilbeiðsluhús á skólatíma séu undir handleiðslu kennara og liður í fræðslu um trúarbrögð í samræmi við aðalnámskrá. Í viðmiðunum menntamálaráðuneytisins segir: „Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristninnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar.“

Sú spurning vaknar þá hvers vegna VG ræðst að fagfólkinu í skólunum og sakar það að ósekju um að brjóta reglurnar. Ætlar flokkurinn þá að beita sér fyrir því að þær verði endurskoðaðar þannig að algjörlega verði tekið fyrir kirkjuferðir á aðventunni? Og ætla aðrir í borgarstjórnarmeirihlutanum að styðja þá reglubreytingu?

Foreldrar hafa getað valið að börn þeirra fari ekki með í kirkjuferðir skóla. Það sem er í boði í staðinn þarf þá líka að vera skemmtilegur og metnaðarfullur valkostur. Valfrelsið er gott, en bent hefur verið á að það geti þýtt að einhverjum finnist hann hafður útundan. Við þurfum að vanda okkur við framkvæmdina, en þetta eru ekki rök fyrir að hætta kirkjuferðunum. Við getum spurt sem svo: Ef foreldrar óskuðu þess að börnin þeirra lærðu ekki um önnur trúarbrögð en kristni og legðust gegn því að þau færu til dæmis í vettvangsferð í bænahús múslima, myndu borgaryfirvöld bregðast við þeim óskum með því að afleggja fræðsluna?

Það vekur furðu að á sama tíma og mannréttindaráð borgarinnar leggur áherslu á að efla virðingu fyrir trú og menningu margvíslegra minnihlutahópa skuli formaður þess ráðast að góðri og gamalli jólahefð. Kristið jólahald á sér þúsund ára sögu á Íslandi og er óaðskiljanlegur hluti af okkar menningu, jafnvel þótt margir eða jafnvel flestir taki ekki þátt í því af mikilli trúarsannfæringu. Verðskuldar trúar- og menningararfur meirihluta borgarbúa ekki líka virðingu og umburðarlyndi?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# „Ríkisstjórnin mun vinna að því…“

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



**Það kemur nú æ betur í ljós að þetta er orðagjálfur, rétt eins og fyrirheit forsætisráðherrans í áramótaræðunni; orðin tóm. Eini minnisvarðinn sem núverandi ríkisstjórn hefur reist stefnu sinni í þessum málaflokki, sem talað er svo innviðulega um í stjórnarsáttmála, er Hola íslenskra fræða við Suðurgötu í Reykjavík.**

Núverandi ríkisstjórn var svo sem ekki kjörin til þess að standa í menningarlegum stórræðum. Núverandi stjórnarherrar gáfu stórbrotin loforð fyrir jól um „skuldaleiðréttingar“ meðan vinstri menn einbeittu sér fremur að ósigrum sínum og þannig voru þeir Sigmundur og Bjarni leiddir til valda til þess að snúa á hákarlasjóðina í samningum um uppgjör bankanna – enda væru þeir bæði klókari og ófyrirleitnari fyrir hönd þjóðarbúsins en vinstri mennirnir sem alltaf eru að reyna að sanna sig fyrir auðvaldinu. Þeir voru kjörnir til að skaffa. Skaffa pening. Og finna nýja leið til að þess að framfylgja hinu séríslenska efnahagsúrræði: að pissa í skóinn sinn.

### „… með markvissum hætti …“

Fólk sá ekki fyrir sér að fyrsta verk nýrrar stjórnar yrði að létta gjöldum af þeirri einu atvinnustarfsemi í landinu sem ekki hefur lapið dauðann úr skel á árunum eftir hrun, sjávarútvegi og ferðaþjónustu, svo að unnt sé að halda áfram markvissri uppbyggingu innviða á Tortóla. Uppbyggingu ferðamannastaða á nú að velta yfir á almenning með hinum illræmda náttúrupassa og þess eflaust skammt að bíða að nýr sjávarútvegsskattur á landsmenn verði fundinn upp til að hægt verði að létta útgerðinni róðurinn.

En sem sé: Sigmundi Davíð var ekki lyft í forsætisráðherrastól vegna þess að hann þætti vænlegur menningarviti. Það kom því mörgum dálítið á óvart að hann skyldi gera menningarmál að sérstöku umtalsefni í áramótaræðu sinni fyrir tæpu ári síðan. Orðrétt sagði forsætisráðherrann:

„Menntamálaráðherra og ríkisstjórnin hafa að undanförnu unnið með markvissum hætti að sóknaráætlun fyrir listir, menningu og annað nýsköpunarstarf sem birtast mun á nýja árinu. Til framtíðar hafa skapandi greinar alla möguleika á að verða ein af meginstoðum íslensks atvinnulífs, þar sem hugvit og sköpunarkraftur fara saman. Ég heiti á íslenska listamenn að taka höndum saman með okkur í þessu mikilvæga verkefni.“

Nú getur einhver af hinum fjölmörgu aðstoðarmönnum ráðherrans vonandi upplýst okkur: en hafa fregnir borist af þessari sóknaráætlun? Er hún í gangi? Markvisst? Í hverju hefur hún þá lýst sér? Áformum um að flytja hvalbein til Húsavíkur?

Þetta tal í ræðu ráðherrans er reyndar í anda þess sem segir í stjórnarsáttmála og var á sínum tíma sagt vera sérstakt áhugamál forsætisráðherrans:

„Íslensk þjóðmenning verður í hávegum höfð, að henni hlúð og hún efld. Áhersla verður lögð á málvernd, vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar, auk rannsókna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innanlands sem utan.“

### … að rústa íslenskri menningu …

Ýmsum þótti skringilegt að telja það í verkahring ríkisstjórna að „auka virðingu fyrir merkri sögu landsins“ eða að leiða útlendingum fyrir sjónir hversu merkilegt tungumál íslenskan sé; en ekkert af þessu skiptir máli. Það kemur nú æ betur í ljós að þetta er orðagjálfur, rétt eins og fyrirheit forsætisráðherrans í áramótaræðunni; orðin tóm. Eini minnisvarðinn sem núverandi ríkisstjórn hefur reist stefnu sinni í þessum málaflokki, sem talað er svo innvirðulega um í stjórnarsáttmála, er Hola íslenskra fræða við Suðurgötu í Reykjavík.

Tal forsætisráðherrans í áramótaræðu sinni um síðustu áramót er af sama toga. Hann er þar bara að spegla sig í orðum – máta sig í búningi áhugamanns um menningarmál. Raunveruleg stefna þessarar ríkisstjórnar birtist í furðulegum fjandskap í garð lista og menningar. Íslensk þjóðmenning er þar í lágvegum höfð og að henni þjarmað. Hækkun á bókaskatti á þessum brothætta örmarkaði verður til þess að sá skattur verður nú með því hæsta í Evrópu, þar sem flestar ríkisstjórnir keppast við að hlúa að sínum litlu og viðkvæmu málsvæðum á viðsjárverðum tímum alþjóðavæðingar. Framlög til þess að búa sig undir stóraukna notkun tungumála í nýju tölvuvæddu umhverfi benda til fullkomins áhugaleysis fjárveitingarvaldsins á vexti og viðgangi íslenskunnar í nýjum heimi. Þeim er skítsama. Þegar rætt er um auknar álögur á bókmenntir – sem er þjóðararfur Íslendinga, sjálft hryggjarstykkið í íslenskri menningu gegnum aldirnar – fer fjármálaráðherrann að tala um að skattar hafi verið lækkaðir á timbri og málningu. Honum gæti ekki verið meira sama. Kannski að verkefnið sé að auka virðingu fyrir íslenskri menningu innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar áður en menn fara að reyna slíkt utanlands eins og segir í stjórnarsáttmálanum.

Og loks: Fyrir dyrum stendur fáheyrð aðför að Ríkisútvarpinu, innblásin að því er virðist af óskiljanlegri heift í garð stofnunar sem landsmenn treysta og þykir vænt um. Ríkisútvarpið er íslenskum listamönnum ómetanlegur bakhjarl og vettvangur, hvernig sem á það er litið og er enn eitt dæmið um þá menningarlegu og þjóðlegu innviði sem þessari ríkisstjórn virðist svo einkennilega uppsigað við.

Núverandi ríkisstjórn var svo sem ekki kjörin til þess að standa í menningarlegum stórræðum. En hún var heldur ekki kjörin til þess að rústa menningarverðmætum.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

## AF NETINU

### Trúarleg kirkja, veraldlegur skóli



Ég er persónulega hallur undir trú og hef hreint engan áhuga á að vinna að upprætingu hennar úr samfélaginu. Það er nefnilega ekki síst trúarinnar sjálfrar vegna sem ég vil frelsa hana úr viðjum stofnanavæðingar. Menningarleg og félagsleg fyrirbæri er erfitt að stofnanavæða og trúin sérstaklega er þess eðlis að stofnanatrú verður aldrei jafn lifandi og trú sem sprettur frá fólkinu sjálfu.

blog.pressan.is/tharfagreinir/
*Halldór Auðar Svansson*

### Mikilvægast af öllu



Í sex klukkutíma barðist stjórnarandstaðan fyrir því að viðbótarframlög skattgreiðenda til Ríkisútvarpsins samkvæmt frumvarpinu yrðu tvöfölduð, hið minnsta. Litlar sem engar athugasemdir voru gerðar við áætluð framlög til heilbrigðis- og menntamála. Þeir málaflokkar fengu ekki nema nokkrar mínútur af ræðutíma stjórnarandstöðunnar – Ríkisútvarpið fékk tæpa sex tíma.

http://www.deiglan.is
*Borgar Þór Einarsson*




GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI



▶ Tilboð: 2.550.000 kr.
BMW X5 AWD YZT67
Skráður maí 2006, 3,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 147.000 km.
Ásett verð: 2.950.000 kr.

Vertu með!
FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?

▶ FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



▶ Tilboð: 2.790.000 kr.
Toyota Corolla Terra PNT61
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 29.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.



▶ Tilboð: 750.000 kr.
Ford Focus Trend NS134
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 106.000 km.
Ásett verð: 890.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar - Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í …
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.

# Jólagjafir
## - fyrir heimilin í landinu

## Leikum okkur
Leikjatölvur frá Nintendo
í regnbogans litum







Mikið úrval leikja í allar gerðir Nintendo leikjatölva

## veho. Sportmyndavélar

*NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku. (Lýsing á við K-2)*




**Verð: 54.900,- kr.**

**Veho Sportmyndavél K-1**
*án tösku, skjás og hylkis* **kr. 36.900,-**




MUVI™ K-SERIES

## CELESTRON
## Stjörnusjónauki



**Jólatilboð: 18.600**
*áður 24.900*

---

Pioneer
HLJÓMTÆKI

X-SMC01BT-K
### Hljómtækjastæða vegghengjanleg
2x10W, Bluetooth, FM útvarp, geislaspilari CD-R/CD-RW, USB, MP3, WMA

3 litir



Verð: 44.900,-
**Nú án vörugjalda 33.900,-**

Pioneer
HLJÓMTÆKI

PIX-CM32BT-K
### Hljómtækjastæða með Bluetooth
30W (15W + 15W RMS) (8Ω) - 2-Way Bass-Reflex Hátalarar - MP3, WMA - AM/FM Útvarp m.45 st.minni - Innbyggt Blueooth - Pioneer Wireless Streaming App - iPod, iPhone, iPad í gegnum USB

3 litir



Verð: 49.900,-
**Nú án vörugjalda 39.920,-**

Pioneer
HLJÓMTÆKI

PL-990
### Plötuspilari
Alsjálfvirkur, 33/45 snúninga, reimdrifinn, innbyggður formagnari

Verð: 39.900,-
**Nú án vörugjalda**
**31.920,-**



---

Pioneer
HLJÓMTÆKI

SBX-N550
Verð: 64.900,-
### Soundbar
**Nú án vörugjalda 51.920,-**
140W, innbyggður bassi, Class D magnari, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB



SBX-N750
Verð: 94.900,-
### Soundbar
**Nú án vörugjalda**
**75.920,-**
270W, innbyggður bassi, Class D magnari, Þráðlaust 150W bassabox, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB



Pioneer
HLJÓMTÆKI

BDP-170-K
### Blu Ray spilari 3D
Blu-ray 3D

Spilar DVD-video, VCD, CD, AVCHD, SACD, BD-ROM, BD-R/RE, CD-RW, DTS-CD, DVD-RW, DL/-RW, DVD+R/+RW, DL/+RW,
Tengi: HDMI, USB, WiFi

Verð: 44.900,-
**Nú án vörugjalda 33.500,-**



Pioneer
HLJÓMTÆKI

X-EM12
### Hljómtækjastæða
2x15W magnari, FM útvarp m. 30stöðva minni, geislaspilari, USB afspilun

Verð: 27.900,-
**Nú án vörugjalda 22.320,-**



---

Pioneer
heyrnartól

**30% afsláttur**





**AEG**

Ryksugurnar frá AEG hafa þjónað íslendingum í áratugi.

Góð jólagjöf til heimilisins

**20% afsláttur**



**Góðar jólagjafir til heimilisins í einstöku úrvali**



**NÝ kaffivél**

Emile Henry FRANCE

FLAME



## FLAME LEIRPOTTARNIR frá Emile Henry

Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.

Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.

**NÝ SENDING**

brabantia® solid company *get together*



## VELDU VANDAÐ - ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

OBH NORDICA

Kaffivélin frábæra sem sýður vatnið.
Fæst í 3 litum.

**Jólatilboð:**
**19.990**



NIVONA

Þessi hágæða og vel hannaða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.

**Jólatilboð:**
**89.900**



ROMMELSBACHER



Öflugt og vandað mínútugrill

**Jólatilboð: 16.990**

Allinox

10, 14 og 19 lítra stálpottar á frábæru verði.



POPPVÉLIN SEM GERIR ÞAÐ ROSALEGA GOTT

OBH NORDICA
6398



**9.990**

Ómissandi græja fyrir alla poppara landsins.

**AEG**



Dásamlegt verkfæri í öll alvöru eldhús

**AEG** TÖFRASPROTI MEÐ AUKAHLUTUM

Tefal POTTAR&PÖNNUR





**TEFAL POTTAR OG PÖNNUR HAFA VERIÐ Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI HJÁ ÞJÓÐINNI SL. 25 ÁR**



## Velkomin í Lágmúlann

**OPIÐ TIL KL. 21 TIL JÓLA**

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR - BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Fyrir átta árum

KJARAMÁL



Stefán Þórsson
5. árs læknanemi við Háskóla Íslands.

Þann 8. desember síðastliðinn gerði ég ásamt 200 íslenskum læknanemum stjórnvöldum grein fyrir því að við munum ekki koma til starfa á heilbrigðisstofnunum landsins fyrr en gengið hefur verið frá kjarasamningum við Læknafélag Íslands. Um er að ræða nema á 4.-6. námsári sem að öllu jöfnu hefja störf á sumrin sem kandidatar og aðstoðarlæknar og gegna veigamiklu hlutverki innan heilbrigðiskerfisins. Til dæmis má nefna að 40% stöðugilda almennra lækna (lesist: Allt nema sérfræðilæknar) á Landspítala Háskólasjúkrahúsi sumarið 2013 voru mönnuð af kandidötum og aðstoðarlæknum. Brotthvarf þessa hóps mun því ekki fara fram hjá neinum ef til þess kemur.

Kjarabarátta lækna er nefnilega líka barátta okkar sem erum á leið út á vinnumarkaðinn og launaþróunin hefur verið verðandi kollegum okkar óhagstæð. Grunnlaun kandidats (sá sem hefur lokið 6 ára læknisnámi í háskóla) sem hóf störf 2006 voru 256.691 kr. en grunnlaun kandidats sem hefur störf 2014 eru 340.734 kr. Í fljótu bragði mætti ætla að þróunin seinustu átta ár væri jákvæð, að kjör unglækna færu batnandi sem nemur 33%. Þegar betur er að gáð kemur hins vegar í ljós að verðbólga á sama tímabili er 70%. Kaupmáttur nýútskrifaðra lækna hefur því rýrnað verulega seinustu átta ár.

Nú gæti efasemdarfólk rámað í að hér varð hrun og spurt sig hvort þetta eigi ekki við um flestar aðrar stéttir. Til að svara því má benda á að launavísitala Hagstofu Íslands hefur hækkað um 73% frá 2006, með öðrum orðum, almennur kaupmáttur er svipaður nú og fyrir átta árum.

### Ófyrirséðar afleiðingar

Af ofangreindu er ljóst að laun kandidata hafa hækkað mun minna en önnur laun á vinnumarkaði. Sömu sögu er að segja af deildarlæknum, sérfræðingum og yfirlæknum. Það er því ofsögum sagt að læknar krefjist launahækkana umfram aðra. Að halda því fram er í besta falli misskilningur, í versta falli svívirðileg tilraun til að rjúfa samstöðu vinnandi fólks og hindra baráttu þess fyrir betri lífskjörum. Réttara væri að tala um sanngjarna leiðréttingu launa. Fullyrðingar stjórnmálamanna um að kjarabót til lækna muni koma niður á almennum kjarasamningum ætti ekki að draga úr verkalýðshreyfingunni heldur efla forystumenn hennar til að berjast enn harðar fyrir mannsæmandi kjörum launþega í landinu.

Hér hefur verið rekið öflugt heilbrigðiskerfi seinustu áratugina. Um það vitnar nýleg skýrsla OECD þar sem fram kemur að Íslendingar eru meðal langlífustu þjóða heims. Þetta langlífi gerir að verkum að fjöldi Íslendinga á eftirlaunaaldri mun nærri tvöfaldast næstu tuttugu árin gangi mannfjöldaspá Hagstofunnar eftir. Þessir einstaklingar munu ekki síður þurfa læknishjálp en þeir eftirlaunaþegar sem nú þegar er stærsti neytendahópur heilbrigðisþjónustunnar.

Ef fram fer sem horfir munu sífellt færri læknar sinna sífellt fleiri sjúklingum með ófyrirséðum afleiðingum á heilsufar landsmanna. Viðspyrna lækna nú er tilraun til að snúa þessari þróun við. Hún mun vissulega koma niður á sjúklingum til skemmri tíma litið en er háð með langtímahagsmuni þeirra í huga.

# Eitt eilífðar smáblóm

RÚV



Sigríður Pétursdóttir
kvikmyndafræðingur

Árið er 1966, hjarn yfir öllu og stjörnubjart. Afi og amma sitja hugfangin við útvarpstækið og hlusta á ítalska óperusöngvarann Caruso syngja. Amma þurrkar tár af hvarmi og þó ég sé bara fimm ára gæti ég þess vel að trufla þau ekki. Stundin er mögnuð.

Mínar fyrstu minningar hverfast flestar um útvarp enda ætlaði ég að verða Ingibjörg Þorbergs þegar ég yrði stór. Ingibjörg sá um barnatímann og var mín helsta fyrirmynd utan fjölskyldunnar. Amma og afi höfðu ekki tækifæri til langrar skólagöngu en fáum hef ég kynnst sem hafa verið betur menntaðir. Þeirra háskóli var Rás 1 og síðar Sjónvarpið. Nutu menningar, lærðu um nýjustu undur í heimi vísinda og afi æpti og sló sér á lær í hita leiksins yfir fótboltalýsingum. Þau voru stolt framsóknarfólk og ég veit að þau yrðu sorgmædd yfir aðgerðum núverandi stjórnvalda. Þau skildu hlutverk almannaútvarps og vissu hve mikilvægt það er þegar kemur að sjálfsmynd þjóðar.

Hartnær hálfri öld síðar bý ég í London, vinn sem verktaki fyrir RÚV og fæ fyrir tilstilli Sambíóanna einstakt tækifæri til að taka sjónvarpsviðtöl fyrir Djöflaeyjuna við frægustu kvikmyndaleikara heims. Á gömlu og virðulegu hóteli sit ég innan um sjónvarpsfólk víðsvegar að úr heiminum og eins og gengur berum við saman bækur okkar. Þeim finnst magnað að frá jafn fámennri þjóð og Íslandi komi heimsfrægir listamenn og spyrja mikið út í menningu landsins. Meðan á spjallinu stendur komumst við að því að kollegar mínir eru á allt að nífalt hærri launum fyrir þennan dag. Sama hvort þau koma frá Sviss, Írlandi, Ísrael eða Noregi. Ég er sú eina sem borga ferðakostnað úr eigin vasa, er ekki með síma á vegum vinnustaðarins né nokkur önnur hlunnindi.

Ástæðan fyrir því að ég segi frá þessu er að nú þegar ég er ekki lengur fastráðinn starfsmaður hef ég þörf fyrir að benda á að hjá RÚV starfar vinnulúið fólk fyrir afskaplega lág laun. Í nóvember árið 2008 var öllum gert að skrifa undir plagg þar sem viðkomandi samþykkti strípuð laun án greiðslu fyrir yfirvinnu þó vinnuálagið myndi aukast. Ef starfsmenn skrifuðu ekki undir var litið á það sem uppsögn. Næstu ár gerðum við okkar besta til að hlustendur yrðu sem minnst varir við breytingar. Nokkuð er síðan aftur var farið að greiða fyrir yfirvinnu en síðan hefur starfsmönnum fækkað mikið. Ég er full aðdáunar á fyrrum samstarfsmönnum mínum sem reyna af veikum mætti að halda dagskrá RÚV í horfinu, búa til frábæra þætti þó sífellt þurfi að skila meiri vinnu og það sé nánast orðið ógerlegt að vanda sig jafn mikið og nauðsynlegt er.

### Afdrifaríkar afleiðingar

Það er ekki hægt að skera meira niður án þess að breytingarnar hafi afdrifaríkar afleiðingar. Eins og komið hefur fram borga Íslendingar nú þegar lægra útvarpsgjald en nágrannaþjóðir, auk þess sem RÚV fær aðeins hluta útvarpsgjaldsins. Listamenn á borð við Mugison og Skálmöld hafa bent á mikilvægi almannaútvarps; að þeir hefðu einfaldlega ekki náð eyrum þjóðarinnar án þess. Í framhaldi af því vil ég benda á menningarverðmæti í safni útvarpsins sem eru í mikilli hættu núna. Ef ekki væri fyrir RÚV þykir mér ólíklegt að til væru viðtöl við Björk og Sigur Rós að taka sín fyrstu skref. Nærtækasta dæmið er Jóhann Jóhannsson sem nú er tilnefndur til hinna virtu Golden Globe-verðlauna fyrir kvikmyndatónlist. Í safni RÚV má finna fjölmörg viðtöl við hann sem hafa verið tekin gegnum tíðina. Viðtöl frá því áður en hann varð þekktur. Ég efast um að aðrir ljósvakamiðlar búi yfir slíkum fjársjóði. Fjársjóði sem er í eigu þjóðarinnar.

Kæru þingmenn! Mikið myndi það gleðja mig ef þið, allir sem einn, mynduð skoða hvernig hefur farið fyrir þjóðum sem ekki eiga almannaútvarp, hafa aldrei átt eða glatað því. Ég ætla ekki að nefna þessar þjóðir, þið finnið út úr þessu.

Jólaóskin mín er sú að RÚV fái að halda reisn sinni sem almannaútvarp svo allir hafi sama tækifæri til að njóta menntunar þess og menningar og við höldum áfram að eiga listamenn sem bera þjóðinni okkar fagurt vitni jafnt heima fyrir sem á erlendri grundu.



## HÖNNUNARDAGATAL

**Jóladagatal Hönnunarsafns Íslands er opnað á hverjum degi. Í glugga í anddyri safnsins hefur verið sýndur einn hlutur úr safneigninni á dag. Enginn veit hvað mun birtast klukkan 12. Verður það fatnaður, grafísk hönnun, keramik eða húsgagn? Þeir sem missa af því að skoða hlutinn í glugganum geta skoðað hann á heimasíðu safnsins eða á Facebook.**



Betri melting!
SWANSON HEALTH INTERNATIONAL
Probiotic 16 Strain
- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags
Swanson – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.
Söluaðilar á Íslandi á www.swanson.is.



# JÓLAKÖTTURINN ER PARTÍKÖTTUR

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Þær Þórunn Hannesdóttir vöruhönnuður og Hlín Reykdal fatahönnuður sendu frá sér gjafapappír og gjafakort á dögunum.*

Ég hef mikið unnið í grafík undanfarið og Hlín er á kafi í litafræði. Við erum báðar gjafapappírs- og kortasafnarar svo þetta lá vel við,“ segir Þórunn Hannesdóttir, vöruhönnuður hjá Færinu, en hún og fatahönnuðurinn Hlín Reykdal hafa sent frá sér munstraðan gjafapappír og gjafakort.

„Við gerðum þrjár útfærslur af pappír og tíu útfærslur af kortum. Þó þetta komi út nú fyrir jólin ganga bæði pappírinn og kortin allt árið,“ segir Þórunn, en meðal munstra er að finna jólaköttinn sem Þórunn segir allt eins geta verið partíkött.

„Þetta má nota til dæmis fyrir fermingar og afmæli og tækifærisgjafir. Bleiki pappírinn er unnin út frá krans sem ég var að teikna og grafíkin í kortunum eru einnig unnin út úr annarri stórri grafík. Mynstrið

►

**GOTT SAMSTARF** Hönnuðirnir Þórunn Hannesdóttir og Hlín Reykdal hafa sent frá sér línu af gjafapappír og kortum.
MYND/VALLI

TUDOR RAFGEYMAR
Veldu öruggt start með nýjum TUDOR
TUDOR High Tech
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð
Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie®
REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Ný sending af Reverie®
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED
20-50% afsláttur
Dömu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf
20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 15.920.-
20% afsl.
Frábær jólagjöf
IC-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
Verð nú aðeins kr. 11.920.-
Sængurverasett
20-50% afsláttur
Frábær jólagjöf
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum














▸ á kortunum er handgert, hverju og einu er raðað upp. Svo útfærðum við einnig slaufu sem fólk getur hlaðið niður af Facebook-síðunum okkar, prentað út og skreytt pakkana með."

Þórunn segir samstarfið hafa gengið vonum framar og þær stöllur eru hæstánægðar með afraksturinn.

„Munstrin komu í raun betur út en við þorðum að vona. Við höfum ekki unnið saman áður, en samstarfið gekk rosalega vel. Við gætum vel hugsað okkur að vinna saman önnur verkefni og vörur. Það er alltaf gott að stíga út fyrir þægindarammann," segir Þórunn.

„Við erum þegar tilbúnar með nýja línu af kortum sem mun koma út í vor eða sumar eftir því hvað við getum beðið lengi með hana." Gjafapappírinn og kortin fást meðal annars í Epal, Unikat og Kiosk.

- 100.000 kr ferðaúttekt hjá WOW Air
- iPad mini
- Gjafabréf á Grillmarkaðinn
- Humaröskjur

## *Jólaleikur Hafsins*

**Vinnur þú 100.000 króna ferðaúttekt hjá WOW Air?**



Opið virka daga 10-18:30.

**Opnunartími yfir hátíðar:**
Laugardag 20. desember, opið 11-15.
Þorláksmessu 23. desember, opið 10-18:30.
Lokað á aðfangadag, jóladag og annan í jólum.
Gamlársdag 31. desember, opið 10-14.

Allir sem versla í Hafinu geta tekið þátt í jólaleiknum okkar og unnið til veglegra verðlauna. Nánari upplýsingar má finna á facebook

Dregið verður 22. desember og aukavinningar dregnir út fram að því.

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi og Spönginni 13, 112 Reykjavík
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is

HAFIÐ
FISKVERSLUN

## Stjórinn ánægður með Eið Smára



**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen spilaði sinn fyrsta leik með Bolton í rúm fjórtán ár er hann kom inn á sem varamaður í markalausu jafntefli gegn Ipswich á Macron-leikvanginum í Bolton.

„Mér fannst hann standa sig virkilega vel eftir að hann kom inn á," sagði Neil Lennon, stjóri Bolton, en Eiður Smári spilaði síðustu 30 mínútur leiksins eftir meiðsli miðjumannsins Darren Pratley.

„Hann fékk meira að segja áminningu sem sýnir að hann býr enn yfir hungri til að standa sig vel. Við hlökkum virkilega mikið til þess að sjá hann og Lee Chung-Yong spila saman þegar Eiður kemst í betra form," sagði Lennon enn fremur.

Bolton er í átjánda sæti ensku B-deildarinnar með 23 stig að lokinni 21 umferð. Liðið mætir næst Millwall á föstudagskvöld. - esá

## Dagur verður dæmdur af árangrinum

**HANDBOLTI** Heiner Brand, fyrrum landsliðsþjálfari og yfirmaður hjá þýska handknattleikssambandinu, segir að Dagur Sigurðsson verði ekki undanskilinn gagnrýni þegar kemur að frammistöðu þýska landsliðsins á HM í Katar í janúar.

Dagur tók við landsliðsþjálfarastarfinu í sumar eftir að Þýskaland féll úr leik í undankeppni HM 2015. Þýskaland komst svo óvænt inn í keppnina eftir að þátttökuréttur Ástralíu var afturkallaður.

„Allir þjálfarar verða dæmdir af árangri sínum og í því tilliti þarf að skoða árangur liðsins á mótinu í Katar," sagði Brand við þýska fjölmiðla en hann gerði Þýskaland að Evrópumeistara árið 2004 og heimsmeistara þremur árum síðar.

Hann telur að Þýskaland eigi að stefna hátt þrátt fyrir óvenjulega leið þess til Katar. „Þýska handknattleikssambandað verður stærðar sinnar vegna að setja sér háleit markmið," segir Brand sem segir að Þýskaland eigi að stefna á að komast að minnsta kosti í 8-liða úrslit keppninnar. „Þrátt fyrir misjafnt gengi síðustu ára getur þýska landsliðið unnið hvaða andstæðing sem er á góðum degi." - esá



**KRAFA UM ÁRANGUR** Heiner Brand vill að Þýskaland nái langt á HM í Katar í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÚRSLIT

### OLÍSDEILD KARLA

| | |
|---|---|
| AKUREYRI - FRAM | 31-24 (13-12) |
| STJARNAN - ÍBV | 21-22 (13-7) |

**Í KVÖLD**

| | |
|---|---|
| Digranes: HK - FH | kl. 19.30 |
| N1-höllin: Afturelding - ÍR | kl. 19.30 |
| Vodafone-höllin: Valur - Haukar | kl. 19.30 |

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK - KR | 72-75 (40-31, 60-60) |
| HAMAR - SNÆFELL | 54-96 (34-44) |
| GRINDAVÍK - KEFLAVÍK | 79-70 (44-41) |
| HAUKAR - VALUR | 62-54 (34-20) |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 13 | 12 | 1 | 1010-819 | 24 |
| Keflavík | 13 | 10 | 3 | 1102-855 | 20 |
| Haukar | 13 | 10 | 3 | 930-847 | 20 |
| Valur | 13 | 7 | 6 | 976-945 | 14 |
| Grindavík | 13 | 7 | 6 | 937-914 | 14 |
| KR | 13 | 3 | 10 | 789-932 | 6 |
| Hamar | 13 | 2 | 11 | 692-970 | 4 |
| Breiðablik | 13 | 1 | 12 | 807-961 | 2 |

**visir.is**

Meira um leiki helgarinnar




# Kem ekki heim sem svikari

Dagur Sigurðsson hefur farið vel af stað í starfi sínu sem þjálfari þýska landsliðsins þrátt fyrir miklar annir en hann stendur einnig í ströngu sem þjálfari Füchse Berlin. Hann er spenntur fyrir Íslandsför landsliðsins.

**HANDBOLTI** Síðustu mánuðir Dags Sigurðssonar hafa verið annasamir en auk þess að stýra þýska úrvalsdeildarfélaginu Füchse Berlin, líkt og hann hefur gert síðan 2009 með góðum árangri, var hann þann 12. ágúst sl. ráðinn landsliðsþjálfari Þýskalands. Þar er honum ætlað það verkefni að koma Þýskalandi úr þeim öldudal sem liðið hefur verið í síðustu misserin.

Ráðningu Dags var vel tekið á flestum vígstöðvum en þó var ákvörðun þýska handboltasambandsins að ráða þjálfara sem væri enn starfandi í þýsku úrvalsdeildinni gagnrýnd. Það kom Degi sjálfum ekki á óvart.

„Við buðum upp á umræðuna með þessari ákvörðun," segir Dagur við Fréttablaðið en hann lætur af störfum sem þjálfari Füchse Berlin í lok tímabilsins. Erlingur Richardsson tekur við starfinu en gengið var frá ráðningu hans í síðustu viku.

„En á meðan ég verð með bæði liðin þá verður þessi umræða alltaf lifandi. Þetta var þó ákvörðun sem var tekin í sátt allra aðila – Füchse Berlin, þýska sambandsins og í raun deildarinnar líka – og því hafa hin liðin í deildinni ekki gagnrýnt þetta."

### Maður hlýtur að lifa veturinn af

Hann segir að sér hafi gengið ágætlega að sinna báðum verkefnum. „Við í landsliðinu fórum ágætlega stað í okkar riðli [í undankeppni EM 2016] en nú er einbeitingin hjá Füchse Berlin fram að áramótum. Eftir mótið í Katar verða svo 3-4 mánuðir eftir af tímabilinu og maður hlýtur að lifa það af," segir hann í léttum dúr.

Í júlí bárust þær fregnir að Þýskaland, sem tapaði fyrir Póllandi í umspilskeppninni í júní, færi þrátt fyrir allt á HM í Katar eftir að keppnisréttur Eyjaálfu var afturkallaður. Forráðamenn HSÍ á Íslandi voru ósáttir enda hafði Handknattleikssamband Evrópu, EHF, tilgreint Ísland sem fyrstu varaþjóð álfunnar. Þrátt fyrir mikil mótmæli og kæru HSÍ varð ákvörðun Alþjóðahandknattleikssambandsins, IHF, ekki haggað.

> **Maður fær bara kjánahroll við það að tala um þetta.**
>
> *Dagur Sigurðsson, Füchse Berlin og þýska landsliðinu.*

Það var því mikið fagnað hér á landi þegar IHF ákvað síðla í nóvember að veita Íslandi sæti í keppninni eftir að Barein og Sameinuðu arabísku furstadæmin drógu sig úr keppni. Liðin óskuðu reyndar svo eftir því að komast aftur inn en IHF vísaði því umsvifalaust frá.

### Ekkert svakalegt plott í gangi

„Ég er gríðarlega sáttur við að Ísland verði með," segir Dagur. „Þetta sýnir kannski að það var ekkert svakalegt plott í gangi þegar Þýskaland komst inn – enda hefur nú komið í ljós að sjónvarpsrétturinn í Þýskalandi er í uppnámi," segir Dagur en samningar náðust ekki á milli rétthafa keppninnar og þýsku ríkisstöðvanna ZDF og ARD. Hefur það verið harkalega gagnrýnt í Þýskalandi.

Ísland fór inn í C-riðil í stað Barein og Þýskaland í D-riðil í stað Ástralíu. Eins og gefur að skilja eru riðlarnir því mun sterkari fyrir vikið en liðin úr þessum riðlum munu svo mætast í 16-liða úrslitum keppninnar.

### Geðþóttaákvarðanir teknar

„Menn taka geðþóttaákvarðanir í þessum efnum og þessum liðum sem komu inn er einfaldlega raðað í riðla eftir hentisemi. Maður fær bara kjánahroll við það að tala um þetta," segir Dagur.

Næstu verkefni íslenska landsliðsins verða æfingaleikir gegn Degi og lærisveinum hans í þýska landsliðinu í Laugardalshöll dagana 4. og 5. janúar. „Það er mjög spennandi og verður örugglega léttara yfir heimsókninni fyrst bæði lið eru að fara til Katar. Maður kemur þá ekki heim sem



**EINBEITTUR** Dagur Sigurðsson er í tvöföldu þjálfarahlutverki í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




# Hlakka til að hitta gott fólk

Teitur Örlygsson, aðstoðarþjálfari Njarðvíkur, snýr aftur í Garðabæinn í kvöld.

**KÖRFUBOLTI** Tíundu umferð Domino's-deildar karla lýkur í kvöld þegar Stjarnan tekur á móti Njarðvík í Ásgarði í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Teitur Örlygsson, aðstoðarþjálfari Njarðvíkur, snýr aftur í Garðabæinn í fyrsta sinn eftir að hann lét af störfum sem þjálfari Stjörnunnar í sumar.

„Ég hlakka fyrst og fremst til að hitta gott fólk," segir Teitur sem hefur beðið lengi eftir þessum leik. „Ég leitaði eftir þessum leik í dagskrá vetrarins og svo skemmir ekki fyrir að þetta er sjónvarpsleikur líka. Það gerir þetta allt saman stærra," segir hann.

Teitur átti stóran þátt í þeim mikla uppgangi sem verið hefur í Stjörnunni síðustu árin. Stjarnan varð bikarmeistari í tvígang undir stjórn Teits og komst tvívegis í lokaúrslitin í úrslitakeppninni. Liðið hafði aldrei leikið til úrslita í bikarnum né komist í úrslitakeppnina áður en Teitur tók við í desember árið 2008, er liðið var í fallsæti úrvalsdeildar karla.

Liðin eru bæði með tíu stig í þéttum pakka um miðja deild og því mikilvæg stig í boði í kvöld. Stjörnumenn töpuðu fyrir toppliði KR í síðustu umferð en hafa verið á fínum skriði að undanförnu. Njarðvíkingar eru hins vegar að sleikja sárin eftir að hafa fallið óvænt úr leik gegn Skallagrími í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar.

„Þetta er heljarinnar pakki. Það eru nú tveir leikir eftir þar til að vetrarfríið hefst og getum við allt eftir gengi okkar komist upp í þriðja sætið eða fallið niður í það níunda," segir Teitur en Njarðvíkingar leita sér nú að nýjum Bandaríkjamanni eftir að samningi Dustins Salisbery var sagt upp. Salisbery spilar þó með Njarðvík fram að vetrarfríi.

„Það er óskandi að hann stígi upp og láti okkur þjálfarana líta illa út. Mér heyrist að hann vilji gera það sjálfur," segir Teitur og bætir við að samskiptin við Salisbery hafi verið góð. „Það voru engin leiðindi í kringum þetta enda algjör toppdrengur." - esá



**ÞJÁLFARARNIR** Teitur er aðstoðarþjálfari Friðriks Inga Rúnarssonar hjá Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# JÓLAGLAÐNINGURINN






**SEVERIN**

**Severin KA5700**
1450w Café Caprice kaffivél sem sýður vatnið.
Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.

VERÐ **16.990**

## *Sjálfvirk kaffivél*

**Saeco**




**Saeco Intelia HD8751**

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

TILBOÐ **79.990**
**FULLT VERÐ 99.990**

***KAUPAUKI*** KIMBO
*1kg af Kimbo baunum fylgir*
*öllum SAECO kaffivélum til jóla*

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil!*

## *Frábært úrval af nýjum vörum frá KitchenAid*

Pottar, pönnur og bökunarvörur



## *Hágæða blandari frá KitchenAid*

Fyrir kröfuharða - margir litir



**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

## *Fjöldi aukahluta fyrir Kitchenaid hrærivélar*





*Meðal annars:*
*Sleikjuarmurinn – fullkominn í baksturinn*
*Ísgerðarskálin – breyttu hrærivélinni í ísvél!*
*Pastagerðarvél – Dýrindis heimagert pasta*

**dyson**




ÖFLUGAR
HÁGÆÐA
RYKSUGUR

- *Mikill sogkraftur*
- *Engir pokar*
- *Góðar loftsíur*
- *Sparar orku*



**EF 50** *1964 - 2014*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# ÚRSLIT

## ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**CHELSEA - HULL 2-0**
1-0 Eden Hazard (7.), 2-0 Diego Costa (68.).

**BURNLEY - SOUTHAMPTON 1-0**
1-0 Ashley Barnes (73.).

**CRYSTAL PALACE - STOKE 1-1**
1-0 James McArthur (11.), 1-1 Peter Crouch (13.).

**LEICESTER - MANCHESTER CITY 0-1**
0-1 Frank Lampard (40.).

**SUNDERLAND - WEST HAM 1-1**
1-0 J. Gomez, víti (22.), 1-1 Stewart Downing (29.).

**WEST BROM - ASTON VILLA 1-0**
1-0 Craig Gardner (72.).

**ARSENAL - NEWCASTLE 4-1**
1-0 Olivier Giroud (15.), 2-0 Santi Cazorla (54.), 3-0 Olivier Giroud (58.), 3-1 Ayoza Pérez Gutiérrez (63.), 4-1 Santi Cazorla, víti (89.).

**MANCHESTER UNITED - LIVERPOOL 3-0**
1-0 Wayne Rooney (12.), 2-0 Juan Mata (40.), 3-0 Robin van Persie (71.).

**SWANSEA - TOTTENHAM 1-2**
0-1 Harry Kane (4.), 1-1 Wilfried Bony (48.), 1-2 Christian Eriksen (89.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 16 | 12 | 3 | 1 | 36-13 | 39 |
| Man. City | 16 | 11 | 3 | 2 | 33-14 | 36 |
| Man. United | 16 | 9 | 4 | 3 | 29-17 | 31 |
| West Ham | 16 | 8 | 4 | 4 | 27-19 | 28 |
| Southampton | 16 | 8 | 2 | 6 | 25-13 | 26 |
| Arsenal | 16 | 7 | 5 | 4 | 28-19 | 26 |
| Tottenham | 16 | 7 | 3 | 6 | 20-22 | 24 |
| Newcastle | 16 | 6 | 5 | 5 | 18-22 | 23 |
| Swansea | 16 | 6 | 4 | 6 | 21-19 | 22 |
| Liverpool | 16 | 6 | 3 | 7 | 19-22 | 21 |
| Stoke City | 16 | 5 | 4 | 7 | 18-21 | 19 |
| Aston Villa | 16 | 5 | 4 | 7 | 10-20 | 19 |
| Everton | 15 | 4 | 6 | 5 | 24-23 | 18 |
| West Brom | 16 | 4 | 5 | 7 | 15-20 | 17 |
| Sunderland | 16 | 2 | 10 | 4 | 14-24 | 16 |
| Crystal Palace | 16 | 3 | 6 | 7 | 19-24 | 15 |
| Burnley | 16 | 3 | 6 | 7 | 11-24 | 15 |
| QPR | 15 | 4 | 2 | 9 | 16-27 | 14 |
| Hull | 16 | 2 | 7 | 7 | 15-23 | 13 |
| Leicester | 16 | 2 | 4 | 10 | 15-27 | 10 |

### Í KVÖLD

**20.00 Everton - QPR Sport 2 HD**

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Spánverjinn lokaði búrinu

David de Gea átti frábæran leik í marki Manchester United þegar liðið vann Liverpool 3-0 í ensku úrvalsdeildinni í gær. Spánverjinn hefur þaggað niður í gagnrýnisröddum með frammistöðu sinni á tímabilinu.

**FÓTBOLTI** Þrjú-núll gefur ekki alveg rétta mynd af gangi leiks Manchester United og Liverpool á Old Trafford í gær. Gestirnir byrjuðu leikinn af krafti og sköpuðu sér í heildina fleiri færi en heimamenn. En David de Gea, markvörður United, reyndist Liverpoolmönnum óþægur ljár í þúfu í gær.

Þessi 24 ára gamli Spánverji varði alls átta skot í leiknum, mörg hver úr upplögðum færum og átti að öðrum ólöstuðum stærstan þátt í sigri United, sem var sá sjötti í röð í deildinni. Raheem Sterling komst til að mynda þrisvar einn gegn de Gea í leiknum, en alltaf varði Spánverjinn. Hann varði einnig í þrígang frá Mario Balotelli í seinni hálfleik.

### Lofaður í hástert af Rodgers

Leikmenn United voru öllu beittari fyrir framan markið en erkifjendur þeirra. Wayne Rooney, Juan Mata og Robin van Persie skoruðu mörk United, en sá síðastnefndi hrósaði de Gea í hástert eftir leikinn:

„David var magnaður. Hann var stórkostlegur – það er ekki oft sem lið vinnur 3-0 og markvörður þess er maður leiksins,“ sagði hollenski framherjinn.

Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool, jós De Gea einnig lofi: „Við sköpuðum svo mörg færi, en David de Gea var maður leiksins. Hann hefur átt 4-5 svona leiki á tímabilinu. David er frábær markvörður, hann er góður að verja skot, auk þess sem hann kemur boltanum vel frá sér.“

> **David er frábær markvörður, hann er góður að verja skot auk þess sem hann kemur boltanum vel frá sér.**
>
> *Brendan Rodgers, stjóri Liverpool.*

Eins og Rodgers sagði var þetta ekki fyrsti stórleikur de Gea á tímabilinu. Spánverjinn, sem kom frá Atletico Madrid sumarið 2011, hefur stundum verið gagnrýndur fyrir að „vinna“ ekki nógu marga leiki fyrir sitt lið, en hann hefur svarað þeim gagnrýnisröddum með glæsibrag í vetur.

De Gea hefur haldið United á floti á löngum köflum og hefur tryggt sínu liði ófá stigin. Skemmst er að minnast frammistöðu hans gegn Everton, Arsenal, Stoke og nú síðast Liverpool, en í öllum þessum leikjum varði Spánverjinn frábærlega á mikilvægum augnablikum.

### Aldrei með sömu varnarlínuna

Frammistaða de Gea á tímabilinu er aðdáunarverð, sérstaklega í ljósi þess að hann stendur fyrir aftan nýja varnarlínu í hverjum leik. Meiðsladraugurinn hefur ásótt United í vetur, og þá sérstaklega varnarmenn liðsins.

Til marks um óstöðugleikann hefur Louis van Gaal, knattspyrnustjóri United, notað 20 mismunandi samsetningar af miðvörðum í vetur. Það er af sem áður var þegar Rio Ferdinand og Nemanja Vidic stóðu jafnan vaktina í miðri vörn United fyrir framan Edwin van der Saar.

De Gea á talsvert í land með að komast á sama stall og United-goðsagnir á borð við Peter Schmeichel og van der Saar, en hann er allt af að verða betri og það eru fáir markverðir sem standa honum framar í dag. De Gea er auk þess aðeins 24 ára og ætti því að eiga mörg góð ár framundan.

ingvithor@365.is




**SÁTTUR** David de Gea mátti vera ánægður með frammistöðu sína gegn Liverpool á Old Trafford í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY









**DANSKT SIGURMARK** Christian Eriksen skoraði sigurmark Tottenham seint í leiknum gegn Swansea í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mjakast upp töfluna

Tottenham hafði betur gegn Gylfa Þór og félögum.

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Swansea máttu sætta sig við 2-1 tap fyrir Tottenham, gamla félaginu hans Gylfa, í leik liðanna á Liberty-leikvanginum í Wales í gær. Daninn Christian Eriksen skoraði sigurmarkið undir lok leiksins. Swansea var þó síst lakari aðilinn í leiknum.

„Við gáfum þeim ódýrt mark í upphafi leiksins en byrjuðum að skapa okkur færi eftir það. Þetta leit svo út fyrir að vera einstefna eftir að við jöfnuðum en svo fengum við blauta tusku í andlitið. Það áttum við ekki skilið,“ sagði Garry Monk, stjóri Swansea, en sóknarmaðurinn Wilfried Bony komst nokkrum sinnum nálægt því að skora í leiknum.

Tottenham komst upp úr tíunda sætinu í það sjöunda með sigrinum og er nú aðeins fjórum stigum frá West Ham, sem er í fjórða sæti með 28 stig eftir 1-1 jafntefli gegn Sunderland á útivelli.

Efstu þrjú liðin unnu öll sína leiki í deildinni. Chelsea, Manchester City og Manchester United hafa verið á góðum skriði og virðast með sama áframhaldi líkleg til að stinga af. „Við erum ekki að hugsa um titilinn,“ sagði Louis van Gaal, stjóri United, eftir 3-0 sigur á Liverpool í gær. „Ég er ánægður með sigurinn en það er þó enn heilmargt sem við getum bætt í okkar leik. Nú hugsum við bara um næsta leik.“

Frank Lampard var hetja Manchester City gegn Leicester og tryggði sínu liði 1-0 sigur. Markið var hans 175 í ensku úrvalsdeildinni og jafnaði hann þar með árangur Thierry Henry. Aðeins Alan Shearer (260 mörk), Andy Cole (187) og Wayne Rooney (179) hafa skorað fleiri.

Arsenal hefur nú unnið þrjá af síðustu fjórum deildarleikjum en liðið hafði betur í mikilvægum leik gegn Newcastle, 4-1. Það hefur á ýmsu gengið hjá Arsene Wenger, stjóra Arsenal, og gagnrýnin á hann oft mikil. En í gær sungu stuðningsmenn félagsins nafn hans ítrekað.

„Okkar hlutverk er að vinna fótboltaleiki og ég skil vel að fólk sé óánægt þegar okkur tekst það ekki. 99,9 prósent stuðningsmanna sýna manni virðingu þó þeir séu óánægðir en ég get tekist á við hitt 0,1 prósentið.“

- esá

Eirberg
LÍFSTÍLL

Umhverfisvæn framleiðsla · Einstök mýkt · Bakteríudrepandi · Frábær öndun



**Tufte Bambull Bolur barna**
MEC-38313
Stærðir 92-140
7.950

**Tufte Bambull Buxur barna**
MEC-38303
Stærðir 92-140
6.950



**Tufte Bambull Bolur dömu**
MEC-38266
Stærðir S-XL
12.950

**Tufte Bambull Buxur dömu**
MEC-38261
Stærðir S-XL
11.950



**Tufte Bambull Bolur herra**
MEC-38276
Stærðir S-XXL
12.950

**Tufte Bambull Buxur herra**
MEC-38271
Stærðir S-XXL
11.950

tufte

## Bambull ullarnærföt

Bambull er samsett úr tveimur orðum: bambus og ull. Bambull er tveggja laga efni sem unnið er úr bambus og hágæða merino ull. Innra lagið sem liggur við húðina er úr bambus sem er einstaklega mjúkur, dregur í sig raka og hamlar bakteríuvexti sem veldur ólykt í fatnaði. Ytra lagið er úr merino ull sem gerir flíkina hlýja á köldum dögum. Í öllum saumum er passað að bambusinn liggi að húðinni. Bambull hentar vel bæði í frístundir og vinnu og heldur hita á líkamanum jafnvel þó þú blotnir. Þetta eru ullarnærfötin fyrir kröfuharða og þá sem hafa viðkvæma húð því ullin liggur aldrei upp við líkamann.

Bambull: 52% bambus, 39% merino ull, 9% nylon






Eirberg Lífstíll • Kringlunni 1. Hæð • Eirberg Heilsa • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • Opið alla daga til jóla • eirberg.is



**Stöð 2 kl. 20.15**
**The Newsroom – lokaþáttur**
Þriðja röðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.

## Í KVÖLD



**Mike And Molly**
**STÖÐ 2 KL. 19.50** Frábær gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Í þáttunum fylgjumst við með þeim en það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig hinar ýmsustu myndir.



**Mindy Project**
**STÖÐ 2 KL. 19.25** Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.



**Eldsnöggt með Jóa Fel**
**GULLSTÖÐIN KL. 19.40** Sérstök hátíðarútgáfa. Að þessu sinni sýnir hann hvernig á gera villisveppasúpu með heimalöguðu brauði. Hann eldar fyrir okkur suðræna svínasteik, hægeldaða með appelsínu og kanilrauðkáli ásamt sósu og brúnuðum kartöflum og heimalagaðri eplaköku.

**Bylgjan kl. 10.00**
**Ívar Guðmundsson**
Ívar mætir ferskur eftir helgina og kemur þér í rétta gírinn fyrir vikuna.



## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** 2 Broke Girls
**08.50** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Fókus
**10.45** The Politician's Husband
**11.45** Falcon Crest
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mistresses
**13.45** American Idol
**15.15** ET Weekend
**16.05** Villingarnir
**16.30** New Girl
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Simpson-fjölskyldan
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.16** Veður
**19.25** Mindy Project
**19.50** Mike and Molly
**20.15** The Newsroom
**21.25** Peaky Blinders
**22.30** Rush
**23.15** Modern Family
**23.45** Stalker
**00.30** The Strain
**01.15** Tiny Furniture
**02.50** 21 & Over
**04.20** Peaky Blinders
**05.20** Mike and Molly
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Fuchse Berlin - RN Löwen
**08.25** Real Sociedad - Athletic Bilbao
**12.25** Besiktas - Tottenham
**14.15** Evrópudeildarmörkin
**15.05** Real Sociedad - Athletic Bilbao
**16.45** Fuchse Berlin - RN Löwen
**18.10** NBA Home Video - 2003 Spurs
**19.00** Stjarnan - Njarðvík Bein útsending
**21.00** Spænsku mörkin 14/15
**21.30** Almería - Real Madrid
**23.10** Stjarnan - Njarðvík

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Swansea - Tottenham
**08.40** Man. Utd. - Liverpool
**11.30** Crystal Palace - Stoke
**13.10** Sunderland - West Ham
**14.50** Bolton - Ipswich
**16.30** Swansea - Tottenham
**18.10** Man. Utd. - Liverpool
**19.50** Everton - QPR Bein útsending
**22.00** Messan
**23.15** Football League Show 2014/15
**23.45** Everton - QPR

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsóknir **21.30** Stormað

## STÖÐ 3

**16.55** Wipeout
**17.40** Welcome to the Family
**18.05** One Born Every Minute UK
**19.00** The Amazing Race
**19.45** The Goodwin Games
**20.10** Mind Games
**21.00** The Glades
**21.50** The Vampire Diaries
**22.35** Pretty Little Liars
**23.20** Treme
**00.20** Southland
**01.00** The Amazing Race
**01.45** The Goodwin Games
**02.10** Mind Games
**02.50** The Glades
**03.35** The Vampire Diaries
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Ofurhundurinn Krypto **07.22** Kalli á þakinu **07.47** Töfrahetjurnar **08.00** Ljóti andarunginn og ég **08.25** Latibær **08.47** Tommi og Jenni **08.54** Tom and Jerry **09.00** Dóra könnuður **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveins **10.45** Elías **10.55** UKI **11.00** Ofurhundurinn Krypto **11.22** Kalli á þakinu **11.47** Töfrahetjurnar **12.00** Ljóti andarunginn og ég **12.25** Latibær **12.47** Tommi og Jenni **12.53** Tom and Jerry **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveins **14.45** Elías **14.55** UKI **15.00** Ofurhundurinn Krypto **15.22** Kalli á þakinu **15.47** Töfrahetjurnar **16.00** Ljóti andarunginn og ég **16.25** Latibær **16.47** Tommi og Jenni **16.53** Tom and Jerry **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveins **18.45** Elías **18.55** UKI **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Arthúr 2 **20.45** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.00** Strákarnir
**17.25** Friends
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Modern Family
**18.40** Two and a Half Men
**19.05** Sjálfstætt fólk
**19.40** Eldsnöggt með Jóa Fel
**20.15** Sisters
**21.00** The Americans
**21.45** The Tudors
**22.30** The Blacklist
**23.10** Grimm
**23.55** Sjálfstætt fólk
**00.30** Eldsnöggt með Jóa Fel
**01.05** Sisters
**01.45** The Americans
**02.25** The Tudors
**03.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** How to Make an American Quilt
**13.15** The Magic of Bell Isle
**15.05** LOL
**16.40** How to Make an American Quilt
**18.35** The Magic of Bell Isle
**20.25** LOL
**22.05** The Cold Light of Day
**01.00** Chronicle
**02.25** The Cold Light of Day

## RÚV

**16.35** Skólaklíkur
**17.20** Spurt og sprellað
**17.25** Um hvað snýst þetta allt?
**17.30** Jesús og Jósefína
**17.50** Turnverðirnir
**18.05** Jólasveinarnir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Orðbragð
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Munaðarleysingjar í náttúrunni
**21.00** Víkingarnir
**21.45** Jólin hjá Claus Dalby
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Viðtalið
**22.50** Michael Jackson: Síðasti tónleikatúrinn (*This is it (Michael Jackson)*) Goðsögnin Michael Jackson á hápunkti frægðar sinnar. Einlægur, metnaðargjarn og hreif heimsbyggðina með sér hvert sem hann fór. Heimildarmynd frá 2009 um vinnuna, undirbúninginn og úthaldið á bak við tónleikaröð til London. e.
**00.35** Hæpið
**01.05** Kastljós
**01.30** Fréttir
**01.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.00** Judging Amy
**15.40** Design Star
**16.25** The Good Wife
**17.05** Red Band Society
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Rules of Engagement
**20.10** Gordon's Home Cooking Seasonal Selection
**21.00** Hawaii Five-O
**21.45** CSI Vinsælasta spennuþáttaröð frá upphafi þar sem Ted Danson fer fyrir harðsvíruðum hópi rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.30** The Tonight Show Martin Freeman úr Fargo-þáttunum er gestur kvöldsins ásamt Megan Mullally sem margir muna eftir úr gamanþáttunum Will & Grace.
**23.15** The Good Wife
**00.00** Elementary
**00.45** Hawaii Five-O
**01.30** CSI
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** PGA Tour Latinoamerica **12.25** Golfing World 2014 **13.15** PGA Tour 2014 - Highlights **14.10** PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** 2014 PGA Tour Year in Review **19.55** PGA Tour 2014 **23.55** 2014 PGA Tour Year in Review

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**Skrúfborvél**
**Hleðsluvél 18V 1,5Ah**
• 2 rafhlöður Li-Ion
**Verð: 19.955 kr.**



**Stingsög**
• 650 w
**Verð: 5.961 kr.**



**Slípirokkur**
• 125 mm
• 1200 w
**Verð: 9.475 kr.**

BUILT TOUGH
ÖFLUG OG ÓDÝR

PIPAR\TBWA • SÍA • 143541

NÝTT Á ÍSLANDI
# Ford rafmagnshandverkfæri

Þessi ágætu rafmagnshandverkfæri eru óskaverkfæri fyrir alla handlagna að eiga á heimilinu. Kærkomin gjöf.

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL *um jólin*

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM






**Diva tungusófi**

Nettur og þægilegur tungusófi. Hann er einnig fáanlegur sem hvíldarstóll, 2ja eða 3ja sæta og öll sæti stillanleg.



**Ezzy**

Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða



**Espace**

Léttur og smekklegur sófi.
Kemur í fjórum stærðum.



**Yuni**

Fallegur horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda.
Margir litir í boði.



**Edwin**

Mjög góður 3ja sæta hvíldarsófi. Alklæddur leðri eða vönduðu tau áklæði. Margir litir í boði.



**Demetra svefnsófi**

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.



**Mobius**

Fáanlegur einnig sem hvíldarstóll. Margir litir í boði.
Fáanlegur bæði raf- eða handstýrðir.



**Isabella**

Frábær 3ja sæta hvíldarsófi. Öll sæti stillanleg hand- eða rafstýrð. Til í mörgum litum. Klæddur leðri eða tauáklæði.



**Walton hvíldarsófi**

Hvíldarstóll í enda, fáanlegur í leðri og áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Nánari upplýsingar og vöruúrval má sjá á heimasíðu Lúr - www.lur.is**

## Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

## JÓLAPLATAN



**„O, Come All Ye Faithful með King's College Choir.“**

Atli Bollason fjöllistamaður

# Dimma og Bubbi spila pönk saman

Munu flytja plötur Utangarðsmanna og Das Kapital í Hörpunni á komandi ári.

„Þetta voru áhrifavaldar hjá okkur, það er ekki spurning,“ segir Ingó Geirdal, söngvari Dimmu, en sveitin mun troða upp ásamt Bubba Morthens í Hörpunni í mars og flytja plöturnar Geislavirkir með Utangarðsmönnum og Lily Marlene með Das Kapital, gömlum pönksveitum Bubba.

„Ég og Silli Geirdal, bróðir minn og bassaleikari Dimmu, vorum fremst á einum fyrstu tónleikum Egós á Lækjartorgi árið 1982 sem teknir voru upp fyrir Rokk í Reykjavík. Ég náði aldrei að sjá Utangarðsmenn á tónleikum en ég sá Egó oft og Das Kapital líka. Ég myndi segja að þetta hafi verið fyrstu rokkhljómsveitir Íslands sem manni fannst hættulegar, menn voru reiðir og með meiningar. Textarnir voru sterkir og það var kraftur í þeim,“ segir Ingó. „Það var mikið talað um að fólk vissi ekki við hverju maður mætti búast á Utangarðsmanna-tónleikum, þeir jafnvel slógust á sviði.“

Þarna fær Bubbi líka einstakt tækifæri til að syngja lög sem hann hefur ekki sungið síðan á níunda áratugnum en að sögn Ingós verður Dimmu-keimur yfir lögunum. „Það var hugmynd Bubba að gera það þannig,“ segir hann. -þij

> **Ég myndi segja að þetta hafi verið fyrstu rokkhljómsveitir Íslands sem manni fannst hættulegar, menn voru reiðir og með meiningar.**



**BUBBI OG DIMMA** Gamla pönktónlist Bubba var mikill áhrifavaldur fyrir sveitina. MYND/SPESSI






# Nítján ára með ljósmynd í ítalska Vogue

Viðar Logi Kristinsson, nítján ára áhugaljósmyndari frá Dalvík, fékk mynd eftir sig birta á síðu tískutímaritinu Vogue á Ítalíu. Þakklátur að hafa unnið í fiski.

„Mér var sagt að það væri mikið mál að fá mynd birta þarna, svo ég bara prófaði að senda hana inn. Myndin var svo birt, sem er alveg frekar merkilegt þar sem þetta er Vogue,“ segir Viðar Logi Kristinsson, 19 ára nemi í Menntaskólanum á Akureyri og áhugaljósmyndari.

„Áhuginn kviknaði þegar ég fékk mér Photoshop í tölvuna sem ég fékk við fermingu og fór að fikta við að breyta myndum, en gat alveg gleymt mér við það tímunum saman. Svo safnaði ég mér fyrir minni fyrstu myndavél, Canon 500D, og þá varð ekki aftur snúið,“ segir Viðar.

Það var svo þegar hann komst á skrá hjá Eskimo models sem áhuginn á tískuljósmyndum kviknaði. „Þá sá ég hvernig vinnan var fyrir aftan myndavélina og ég varð gjörsamlega heillaður,“ segir hann.

Viðar er uppalinn á Dalvík og starfaði í fiskvinnslu í nokkur sumur þegar hann var yngri. „Ég er mjög þakklátur fyrir þessa vinnu í dag. Þarna gat maður staðið í færibandavinnu, hlustað á tónlist og látið hugann reika og ég vil meina að ég hafi fengið margar af mínum bestu hugmyndum í fiskvinnslunni,“ segir hann og hlær.

Viðar lýsir stílnum sínum sem smá goth-ískum, en þó litríkum. „Mér leiðist hefðbundin ljósmyndun þar sem mér finnst hún ekki sýna nóg. Það er skemmtilegast að mynda fólk og fanga persónuleika þess og tilfinningar á mynd. Ég reyni að sækja ekki innblástur í verk annarra, heldur í tónlist, liti og náttúruna,“ segir Viðar og bætir við að fallega umhverfið sem hann ólst upp í hafi haft hvað mest áhrif á hann. „Það er ómetanlegt að hafa fengið að alast upp þarna í skapandi frelsi, öryggi og fallegu umhverfi.“

Eftir menntaskóla hyggst Viðar fara út og læra ljósmyndun. „Mig langar að einbeita mér að tískuljósmyndun. Ég hef gert nokkra tískuþætti fyrir stór tímarit hér heima, ásamt einu stærra verkefni úti sem ég get því miður ekki sagt meira um. En þetta er það sem ég vil gera,“ segir hann.

adda@frettabladid.is



**HÆFILEIKARÍKUR** Viðar Logi á svo sannarlega framtíðina fyrir sér. MYND/VIÐAR LOGI KRISTINSSON



> **Áhuginn kviknaði þegar ég fékk mér Photoshop í tölvuna sem ég fékk við fermingu og fór að fikta við að breyta myndum.**



**ANNAÐ SJÓNARHORN** Skemmtilegt og öðruvísi sjónarhorn í þessari mynd. MYND/VIÐAR LOGI KRISTINSSON






# Ein mynd á dag fram að jólum

Kári Martinson Regal teiknar fyrir framan sjónvarpið með börnunum.

„Ég hef verið að gera þetta síðustu ár í lokaðri grúppu með félaga mínum. Hann var svo upptekinn núna þannig ég fór bara sjálfur eitthvað að dandalast með þetta,“ segir Kári Martinsson Regal, sem í desember teiknar eina mynd á dag í formi jóladagatals.

Á myndum Kára eru dagsetningar hvers dags settar í jólabúning og tölustafirnir meðal annars færðir í búning kerta, jólastafa, kaffikönnu og seglskútu.

Kári starfar sem grafískur hönnuður hjá PORTi hönnun og segir dagatalið kjörna leið til þess að kalla fram bros og halda sér í æfingu.

Myndirnar teiknar Kári yfir sjónvarpinu með börnunum sínum þremur. „Ég ákvað þegar ég byrjaði að teikna allar myndirnar á eitt A3-blað. Ég er farinn að hafa smá áhyggjur af plássleysi en það þýðir líka að ég má ekki gera mörg mistök.“ Dagatalið verður vafalaust tilkomumikið í lok aðventunnar en þetta er í fyrsta skipti sem Kári teiknar allar myndirnar á eitt blað.

Hann segir börnin hafa gaman af uppátæki föður síns. „Börnin hafa mjög gaman af þessu og bekkjarsystkini dóttur minnar líka. Maður finnur alveg að það er komin smá svona pressa á mann þannig maður reynir að vera búinn að setja þetta inn fyrir svona níu, tíu á morgnana,“ segir Kári, sem birtir myndirnar á Instagram-síðu sinni. - gló



**DAGATALIÐ** Freyja, Kári, Arngrímur og Snæbjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Hreindýr h39 cm / Verð 9.900 kr.


Koparbakki 38 cm / Verð 7.990 kr.


Aalto trébretti / Verð frá 7.990 kr.


Essence bjórglös, 48 cl, 2 stk. / Verð 4.900 kr.


Waxinelight kertahús / Verð 2.900 kr.


Kastehelmi 35cl / Verð 3.790 kr.


MARGAR STÆRÐIR
Omaggio vasar / Verð frá 3.990 kr.


Cucu 33 cm / Verð 12.900 kr.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11–16 ▪ HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

PIPAR\TBWA • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki sátt við vinina á Snapchat

„Þarf að taka til í Snappinu. Á óþægilega mikið af MU-vinum með mikla tjáningarþörf." Þessa fleygu setningu birti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, á Twitter í gær. Þorgerður er gallharður FH-ingur og mikill stuðningsmaður Liverpool, en þeir þurftu að lúta í lægra haldi fyrir erkifjendum sínum í Manchester United 3-0 í viðureign liðanna í gær. Það hefur því verið heldur erfitt að vera Liverpool-manneskja í gær og hafa vinir hennar sem halda með Manchester vitað af því þegar þeir sendu henni sigurskilaboð á Snapchat.



- asi

### Leikur í dýrustu þáttaröð Íslands

„Þetta er ekki stórt hlutverk en ég leik karakter sem heitir Soffía. Ég er hálfnuð með tökurnar og mun klára eftir áramót," segir söng- og leikkonan Salka Sól Eyfeld í hljómsveitinni Amabadama, en hún fer með lítið hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Ófærð í leikstjórn Baltasars Kormáks. „Ég ætlaði nú að draga mig út úr leiklistinni, en fékk þetta hlutverk sem ég gat ekki neitað," segir hún. Þættirnir eru þeir dýrustu sem framleiddir hafa verið hér á Íslandi, en handritshöfundar eru þeir Sigurjón Kjartansson, Ólafur Egilsson, Jóhann Ævar Grímsson og Bretinn Clive Bradley. Stefnt er að því að sýna þáttaröðina á næsta ári.



- asi

## Mest lesið VÍSIR

1. Lok, lok og læs hjá De Gea | Sjáðu mörkin
2. Ekkert ferðaveður í dag: Mikil ófærð víða um land
3. Togarar sigla undan dökkrauðri ölduspá
4. Réðust á 13 ára stúlku og mömmu hennar
5. Kirkjuheimsóknir erfiðar fyrir börn sem fara ekki með





